

58. ÁRSPING HSÍ



ÞINGGERÐ

58. ársþing HSÍ
Íþróttamiðstöðinni Laugardal
22. apríl 2015

1. Skráning þingfulltrúa.

2. Þingsetning

Formaður HSÍ, Guðmundur B. Ólafsson, setti 58.árþing HSÍ, bauð þinggesti velkomna og staðfesti lögmæti þingsins. Staðfest er að boðað var til þingsins með eins mánaðar fyrirvara og telst því boðun lögmæt.

3. Kosning þriggja manna í kjörbréfanefnd

- Þorbjörg Jóhanna Gunnarsdóttir
- Jóhannes Runólfsson
- Snorri Sturluson

Engar aðrar tillögur bárust og enginn hreyfði mótbárur, var kjörbréfanefnd samþykkt og tekur til starfa.

4. Kosning þingforseta og varaþingforseta

Formaður bar upp tillögu um Gunnar K. Gunnarsson sem þingforseta. Engar aðrar tillögur né athugasemdir bárust, telst því Gunnar réttkjörinn þingforseti. Þá var Davíð B. Gíslason tilnefndur til varaforseta. Engar athugasemdir voru gerðar og telst Davíð réttkjörinn varaforseti þingsins.

5. Kosning þingritara og varaþingritara

Forseti tekur við stjórn fundarins. Forseti lagði fram tillögu um Ástu Óskarsdóttur sem þingritara og Róbert Gíslason sem varaþingritara. Engar aðrar tillögur bárust og töldust þau því réttkjörnar. Hófu þau þegar störf.

6. Þinggerð síðasta árs lögð fram

Þinggerð síðasta árs fylgir gögnum þingsins og hefur verið aðgengileg á vef HSÍ. Þinggerð er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

7. Ávörp gesta

Gunnlaugur Júlíusson, stjórnarmaður Íþrótta- og Ólympíusambandsins fékk fyrstur orðið.

Gunnlaugur flytur kveðju frá forseta og framkvæmdastjóra ÍSÍ með þökk fyrir samstarfið undanfarin ár. Gunnlaugur ræddi nýafstaðið íþróttapengi ÍSÍ, þar sem litið var yfir hið þróttmikla starf sem unnið er á vegum rúmlega þrjátíu sérsambanda innan íþróttahreyfingarinnar í landinu. Kosin var ný framkvæmdastjórn ÍSÍ og sagðist Gunnlaugur mæla fyrir munni þeirra allra þegar hann lýsti því yfir að stjórnin myndi leggja sig alla fram um að vera verðugur samnefnari íþróttastarfsins í landinu. Gunnlaugur ræddi stuttlega Smáþjóðaleikana, sem haldnir verða hér á landi um mánáðamótin júní-júlí og standa yfir í vikutíma. Hann nefndi sem dæmi um umfang Smáþjóðaleikanna að von væri á 1500 gestum og sagði þann fjölda gera það að verkum að líkja mætti þessum leikum við Ólympíuleika stærri þjóða, þegar mið er tekið af umfangi og mannfjölda. Gunnlaugur sagðist ekki þurfa að orðlengja það sérstaklega hvaða stöðu handboltinn skipaði í þjóðarsálinni, segja mætti að þegar landslið Íslands skundar til vallar á stórmóti væri það rétt eins og þegar Ingemar Stenmark keppti á skíðum fyrir hönd Svía hér í eina tíð, þjóðfélagið hreinlega stoppar á meðan. Umræðan snýst bara um einn hlut, landsliðið og hvernig því vegnar. Þetta er dæmi um þann sess sem handknattleikurinn hefur á Íslandi. Gunnlaugur sagði það ánægjulegt að rífa það upp eða fara yfir það af og til hvaða árangur hefur náðst á erlendra grundu og þá ekki bara

með tilliti til úrslita, heldur og þeirrar staðreyndar að íslenskir þjálfarar stýri í dag fjórum af sterkustu handboltalandsliðum heims. Þar fyrir utan leika tugir handknattleiksmanna- og kvenna erlendis og taldi Gunnlaugur þetta sérstakt og einstakt. Hann sagði það mjög ánægjulegt hversu stóran sess íslenskur handknattleikur skapar á alþjóðlegum vettvangi. Gunnlaugur ræddi sjónvarpsþáttinn „Handboltalið Íslands, sem hann sagði skemmtilegan, og óskaði hann kvennaliðið Fram og karlaliði Víkinga til hamingju með útnefningarnar. Hann sagði umfjöllun um handbolta hafa verið mikla í kringum þáttaröðina, handbolti hafi verið áberandi í dagskrá og almennri umræðu, úrslitakvöldið hafi vakið mikla athygli taldi hann þáttaröðina gott framlag til umfjöllunar um handbolta og stöðu hans. Gunnlaugur sagði það hafa verið skemmtilegt að vera viðstaddur í Víkinni þriðjudeginum fyrr, þar sem úrslitaeinvígið í 1.deild karla hófst. Hann sagðist hafa það eftir þeim sem til þekktu að sett hefði verið áhorfendamet í 1.deild, að vel á annað þúsund manns hefðu verið í húsinu og ekki skemmdi það fyrir að Bogdan Kowalczyk var meðal gesta, var hylltur mjög og heilsaði upp á strákana. Gunnlaugur taldi það jákvætt að tekist hefði að tvíanna saman þennan mikilvæga leik og heiðrun Bogdanskans, enda hafi fáir ef einhverjir menn markað dýpri sport í handboltasögu þjóðarinnar. Gunnlaugur óskaði að lokum þingfulltrúum vinnusams þings og velfarnaðar í starfi og endurtók góðar kveðjur og þakkir frá stjórn ÍSÍ fyrir gott og gæfuríkt samstarf.

Júlíus Hafstein, heiðursformaður HSÍ, tók næstur til máls.

Júlíus flutti kveðju frá Guðmundi Ágústi Ingvarssyni, fyrrverandi formanni HSÍ, sem staddur er erlendis en hefði að öðrum kosti sótt þingið. Júlíus sagði það alltaf jafn gaman að sækja ársþing HSÍ, skoða ársskýrslu og sjá hversu gríðarlega mikið starf liggur að baki handknattleiknum á hverju ári. Hann sagðist hafa rifjað það upp með sjálfum sér fyrir fáeinum dögum að hann hefði verið 14 ára árið 1961 þegar Ísland lenti í sjötta sæti á HM í handbolta. Pollinn trúði þessu varla, æfði handbolta sjálfur, og síðan þá hefur handboltinn á Íslandi verið í fremstu röð. Karlalandsliðið hefur landað silfurverðlaunum á Ólympíuleikum, bronsi á Evrópumeistaramóti, fjórða sæti á Ólympíuleikum og fimmta og sjötta sæti á stórmótum oft en einu sinni og oft en tvisvar. Kvennalandsliðið hefur verið á uppleið, hefur komist inn í lokakeppni HM og stóð sig það með þryði. Júlíus sagði enga íþrótt á Íslandi hafa náð viðlíka árangri og handboltinn. Hann sagði handboltafólkið ekki aðeins standa í fremstu röð, heldur langfremstu röð. Hann sagði merkilegt til þess að vita að í dag ættum við Íslendingar marga bestu þjálfara í heimi, bæði hér heima og erlendis; ekki aðeins einn eða tvo heldur miklu miklu fleiri og það væri ótrúleg staða hjá þjóð sem teldi 330 þúsund íbúa. Júlíus sagðist hafa litið yfir reikninga og skýrslu ársins og undrast það nú sem fyrr að sjá veltu upp á 220 milljónir og að sambandið aflaði sjálft 80% þess fjár. Þá sagðist hann reka augun í eitt, sem ekki væri einum að kenna frekar en öðrum; framlög stjórnvalda til landsliða og þeirra sem best standa sig í íþróttum í landinu. Þetta á ekki bara við um HSÍ, heldur alla. Júlíus sagði það ekki ganga lengur að íþróttahreyfingin tæki sig ekki til og setti hnefann í borðið. Hann sagði rúmar 70 milljónir koma frá stjórnvöldum til að hjálpa besta íþróttafólki landsins. Júlíus sagði það blasa við, ekki síst þeim sem aldir væru upp innan íþróttahreyfingarinnar, að þegar litið væri til íþróttafólksins, ekki bara í handboltanum, að frammistaða þess og árangurs væri gríðarleg kynning fyrir land og þjóð. Hann sagði tugi handboltamanna- og kvenna leika með bestu liðum í heimi, knattspyrnumenn standa fyrir sínu, frjálsíþróttafólk vinnu Evrópumeistararitla o.s.fr. Hvernig stendur á því að stjórnvöld standa sig ekki betur? Júlíus beindi því til fulltrúa á ársþingingu að allir legðust á eitt, með Handknattleikssambandinu og öðrum í íþróttahreyfingunni, að tekið yrði almennilega á þessum málum. Hann sagði þetta mesta og

Þýðingarmesta mál íþróttahreyfingarinnar í landinu; að afreksfólkið fengi almennilegan stuðning og viðurkenningu frá stjórnvöldum. Júlíus sagði engan geta lagt meira á þessar vogarskálar en handboltahreyfinguna og þingfulltrúa, enda hefði handboltinn verið í fremstu röð í áratugi; í sextíu ár sem væri sérlega glæsilegur árangur. Júlíus þakkaði stjórninni frábært starf og þingfulltrúum fyrir að vinna jafn vel að handboltanum og raun ber vitni. Hann benti á að þingfulltrúar koma frá félögunum og leggja grunninn; ala upp unga fólkið og skila af sér meisturum. Það er þetta mikla og góða starf sem gerir það að verkum að staða handboltans er sú sem hún er. Júlíus óskaði þingfulltrúum og stjórn velfarnaðar.

Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs.

8. Álit kjörbréfanefndar lagt fram og samþykkt

Þorbjörg Gunnarsdóttir, fulltrúi kjörbréfanefndar, kom fram og las upp mætingu þingfulltrúa. 93 fulltrúar eiga rétt á þingsetu, 83 frá félögum og 10 frá öðrum aðilum eða héraðssamböndum. Þingfulltrúar voru alls 48; 45 frá félögum og 3 frá héraðssamböndum. Álit kjörbréfanefndar er lagt til atkvæða. Kjörbréf samþykkt samhljóða. Kjörbréfanend heldur áfram að starfa, enda geta orðið breytingar á fulltrúafjölda á meðan á þingi stendur.

9. Kosning þriggja manna í fjárhagsnefnd, laganefnd og allsherjarnefnd þingsins

Kveðið er á um það í lögum sambandsins að kjósa skuli í þessar þrjár nefndir, en vegna eðlis og fæðar tillagna sem liggja fyrir þinginu er það tillaga frá stjórninni að málsmeðferð verði aðeins breytt í þá verð að við kosnir verði þrír menn í alsherjar- og laganefnd saman. Einnig eru kosnir þrír menn í fjárhagsnefnd. Ekki var gerð athugasemd við þessa tilhögun

- Í fjárhagsnefnd voru tilnefnd:
 - Ásta Óskarsdóttir
 - Inga Lilja Lárusdóttir
 - Guðborg Halldórsdóttir
- Í allsherjar- og laganefnd voru tilnefnd:
 - Davíð B. Gíslason
 - Siguróli M. Sigurðsson
 - Þorgeir Haraldsson

Allir tilnefndir nefndarmeðlimir töldust réttkjörnir þar sem engar athugasemdir eða gagnrýnir bárust.

10. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar

Guðmundur B. Ólafsson, formaður HSÍ, tekur til máls.

Guðmundur lýsti yfir ánægju sinni með fjölda þingfulltrúa. Hann benti á að ársskýrsluna væri að finna í þinggögnum, en vildi tæpa á helstu atriðum starfsins undangengið ár. Guðmundur sagði starfsemina hafa verið með hefðbundnum hætti. Nýr samstarfsaðili kom að deildarkeppninni, Olís kom þar inn og hefur það samstarf gengið mjög vel. Keppni í kvennaflokki hefur verið með hefðbundnu sniði en liðum fjölgaði í úrvalsdeild karla í fyrsta sinn í langan tíma, nú leika þar tíu lið og er leikin átta liða úrslitakeppni. Þetta fyrirkomulag hefur reynst mjög vel, leikjum hefur fjölgað

og keppni var mikil, bæði á toppi og botni. Þá hefur keppni í 1.deild verið mjög spennandi. Fyrir þessu þingi liggur tillaga um að fækka leikjum í úrvalsdeildinni og fyrir því hafa verið færð nokkur rök. Bent hefur verið á að álag á leikmenn sem leika bæði með meistaraflokki og yngri flokkum getur orðið býsna mikið. Mótrök hafa m.a. verið þau að til þess að viðhalda styrk handboltans á Íslandi þurfi að spila viðlíka marga leiki og gert er á alþjóðlegum vettvangi. Guðmundur sagði men eflaust hafa misjafnar skoðanir á þessu máli, en vildi þó koma þeirri skoðun sinni á framfæri að úrvalsdeildin ætti ekki að snúast um það hvort mikið álag er á leikmönnum í yngri flokkum. Félögin þurfa sjálf að taka á þessum málum, vissulega sé álag á leikmönnum sem leika með fleiri en einum flokki, en þessari umferð verði félögin að stýra sjálf. Einnig verður að líta til þess að undanfarin fjögur eða fimm ár hafa verið gerðar fjölmargar breytingar, fjölgun liða og fleira, og er það álit formannsins að kominn sé tími á stöðugleika. Fólk þarf einfaldlega að vita að hverju það gengur á hverju ári. Guðmundur bað þingfulltrúa að hafa þessi atriði í huga þegar tillaga þessu lútandi verður tekin til meðferðar hjá allsherjar- og laganefnd. Erlent samstarf, eða ágreiningur öllu heldur, var áberandi á síðastliðnu starfsári og hefur líklega ekki farið framhjá mörgum. Deilan við Aljóða handknattleikssambandið (IHF) snérist ekki bara um það að verið væri að sniðganga Ísland sem varapjóð inn á HM, hún snérist ekki síður um þau vinnubrögð sem viðgangast innan handboltahreyfingarinnar á alþjóðavísu. Menn víla það ekki fyrir sér að breyta reglum í miðri keppni, eins og dæmin sanna. Þá snérist deilan að nokkru um það að þær reglur sem voru settar voru byggðar á huglægum viðmiðum, þ.e.a.s. að taka átti tillit til m.a. markaðssetningar og fjölda iðkenda í viðkomandi löndum. Þetta töldu forráðamenn HSÍ algjörlega óviðunandi og ákváðu því að taka þennan slag við IHF. Dómsmál var höfðað og það tapaðist fyrir fyrsta dómstigi IHF, sem var fyrirséð. Dómstóllinn var einfaldlega þannig samsettur að sigurlíkur kæranda voru engar. Ákveðið var að fara með málið alla leið, fyrir Alþjóða íþróttadómstólinn í Lausanne, en í millitíðinni var Íslandi boðið sæti á HM. Það broslega við þessa niðurstöðu, sagði formaðurinn, var að boðið var byggt á þeirri reglu sem HSÍ vildi að gildi og hafði barist fyrir. Stjórn IHF sniðgekk í raun eigin reglu, sem var tiltölulega nýtilkomin, og vann eftir eldri reglu. Málarekstri var því í raun sjálfhætt, enda hafði það verið markmið HSÍ að komast inn á HM. Stjórn HSÍ hefur engu að síður ákveðið að halda áfram með málið og hefur lagt tillögu fyrir þing IHF, sem haldið verður í byrjun júní í Búdapest. Tillaga HSÍ lýtur að því að ekki verði hægt að gera breytingar á boðsreglum, að ekki verði hægt að breyta ferlinu í miðri keppni. Þá er lagt til að ekki verði hægt að útiloka þjóð frá keppni vegna þess að hún er svo léleg í íþróttinni, eins og gert var í tilfelli Ástrala. Ef þetta verður samþykkt verður ekki hægt að úthýsa þjóð frá keppni þegar hún á annað borð hefur tryggt sér keppnisrétt. Guðmundur sagði fróðlegt að sjá hvaða viðbrögð tillagan fengi á þinginu í Búdapest, ekki síst í ljósi þess að þegar HSÍ stóð í sínum málrekstri hafi tiltölulega fáar þjóðir tekið undir með Íslendingum opinberlega. Hins vegar hafi fulltrúar flestra þjóða verið sammála sjónarmiði Íslendinga yfir kaffibolla. Landsliðmálin eru ofarlega í huga og þá ekki aðeins A-lið karla og kvenna, heldur einnig yngri landsliðin. Markmiðið hefur verið það að koma landsliðum á stórmót og í úrslitakeppnir á stórmótum, en það hefur því miður ekki gengið sem skyldi. Árangur yngri landsliða okkar á síðasta ári var ekki nógu góður. Guðmundur sagðist velja því fyrir sér hvort staðreyndin væri sú að við værum að dragast aftur úr öðrum þjóðum. Hann sagði forráðamenn sambandsins verða vara við það að líkamlegur styrkur leikmanna annarra þjóða væri meiri en okkar og að bregðast yrði við þessari þróun. Unnið væri í stefnumótun í afreksmálum og að hún væri tvíþætt. Annars vegar væri stefnt að því að vinna með unga krakka, 12-13 ára, og að unnið væri að vinnslu fræðsluefnis og æfingaprógramma í styrktarþjálfun og næringarfræði. Þetta efni verður kynnt og afhent félögunum og HSÍ fylgir því eftir að unnið sér eftir þessari stefnu og að stofnaðir verði afrekshópar

hjá yngstu krökkunum. Þetta á bæði að auka áhuga yngri krakka og gera starfið markvissara en það er í dag. Hins vegar verður unnið með afrekshópa 18-25 ára, sem þegar hafa verið kynntir. Þjálfarateymi landsliðanna hafa yfirumsjón með þessum afrekshópum auk þess sem Ólafur Stefánsson mun leggja karlahópnum lið. Farið verður í líkamlegan styrk, tækni, næringu og andlega þáttinn og er markmiðið að auka áhuga og efla efnilega leikmann, þannig að þeir verði tilbúnir til að koma inn í A-landsliðið þegar kallið kemur. Guðmundur segir forráðamenn HSÍ gera sér vonir um að þessi vinna skili því að íslenskur handbolti spyrni sig aftur í hóp þeirra bestu í öllum aldursflokkum. Til þess að þetta gangi allt eftir þarf að sjálfsögðu fjármagn og formaðurinn sagði sambandið hafa leitað til bæði ríkisvaldsins og styrktaraðila. Menn vonast eftir jákvæðum fréttum af þeim umleitunum, enda sé þetta vinna sem þarf að vinna. Guðmundur benti ennfremur á að þegar horft er til nýtingar fjárins verði að líta til samkeppninnar við aðrar íþróttagreinar, ekki síst knattspyrnunnar. Oftar en ekki er það þannig að yngri krakkar eru góðir í fleiri en einni íþróttagrein og það er hálf súrt að horfa upp á það að þegar efnilegasta handboltafólk landsins er valið í yngri landslið þýðir það fjárútlát fyrir foreldra upp á 2-300 þúsund krónur. Það er verkefni sem formaðurinn telur að allir þurfi að vinna að saman, forysta HSÍ og félögin, að kostnaður við landsliðsverkefni ráði ekki úrslitum um það hvort efnilegir krakkar velja handbolta eða fótbolta. Staðreyndin er sú að í fótboltanum þurfa ungir krakkar ekki að standa straum af þátttöku sinni í landsliðsverkefnum, en það kostar sitt í handboltanum. Guðmundur lagði ríka áherslu að sameiginlegt átak þyrfti til þess að forðast brottfall efnilegasta handboltafólksins vegna kostnaðar sem tengist vali í landslið. Rekstur sambandsins hefur verið í ágætu jafnvægi, taprekstur varð í fyrra en í ár er sambandið rekið með átta hundruð þúsund króna hagnaði. Engu að síður er þörf á meira fjármagni, ekki síst til fræðslumála sem þegar hafa verið tíunduð hér, og verið er að vinna í þjálfaramálum í samstarfi við háskóla til að efla þjálfaramenntun. Því þarf að efla fjárhagsstöðu sambandsins, ekki með skyndilausnum, heldur til lengri tíma, þannig að afreks- og uppbyggingarstarfið geti vaxið og dafnað. Að lokum nefndi Guðmundur mál sem veldur honum svolitlum áhyggjum, en það er umræðan á samfélagsmiðlunum. Borið hefur á því á undanförunum misserum að bæði leikmenn og aðrir hafa látið gamminn geisa á miðlum á borð við Twitter og Facebook og gagnrýnt dómara ansi harkalega. Dómarar hafa orðið fyrir persónulegum árásum, talað hefur verið um að dómgæsla sé ósanngjörn og jafnvel óheiðarleg, að dómarar séu mannleysur og annað slíkt. Til stóð að bregðast við með því að senda þessi ummæli til aganefndar HSÍ, en aganefndin taldi sig ekkert geta aðhafst miðað við núverandi lagaramma. Umræður innan stjórnar HSÍ hafa hins vegar skilað því að ákveðið var að visa þessum málum til félaganna, að félögin búi sér sjálf til siðareglur sem ná yfir samfélagsmiðlana og bregðist við ef þessar reglur eru brotnar. Ef ekki tekst að sporna við þessari þróun innan félaganna mun HSÍ hins vegar bregðast við, gera viðhlítandi lagabreytingu sem færir aganefnd heimild til að grípa til aðgerða, enda verði þessi framkoma ekki liðin. Hún hefur áhrif á dómara og aðra aðstandendur íþróttarinnar. Guðmundur þakkaði starfsmönnum og stjórnarmönnum HSÍ vel unnin störf. Hann sagði mikið álag vera á skrifstofunni, enda ekki nema þrír starfsmenn til taks og ekki hægt að segja annað en að þeir vinni þrekvirkni á hverjum degi. Guðmundur þakkaði Ástu Óskarsdóttur og Þorgeiri Jónssyni vel unnin störf, en þau hverfa nú úr stjórn HSÍ. Ásta hefur setið í stjórn í átta ár og var þar á undan í landsliðsnefnd kvenna og hefur starfað mikið fyrir sambandið, m.a. sem gjaldkeri. Þorgeir hefur verið í stjórn undanfarin ár og m.a. séð um markaðsmálin. Mikil eftirsjá er í þessum öflugum stjórnarmönnum.

Að lokum óskaði Guðmundur þess að þingfulltrúar og stjórn ættu gott samstarf á yfirstandandi þingi, að leyst yrði fljótt og örugglega úr þeim álitamálum sem upp kunni að koma og að umræður yrðu skynsamlegar.

SKÝRSLA STJÓRNAR HSÍ

57. Ársþing HSÍ var haldið í Íþróttamiðstöðinni Laugardal 30. apríl 2014, og var Guðmundur B. Ólafsson endurkjörinn formaður HSÍ.

Árni Þór Árnason hætti í stjórn HSÍ en hann hafði verið í stjórn sambandsins, sem formaður landsliðsnefndar kvenna s.l. fimm ár og er honum þakkað sérstaklega fyrir góð störf í þágu kvennaboltans.

Ragnheiður Traustadóttir bauð sig fram í stjórn, ásamt þeim Einari Einarssyni, Gunnari Erlingssyni og Guðjóni L. Sigurðssyni sem öll hafa verið í stjórn sambandsins síðastliðinn ár og voru þau fjögur kosin til tveggja ára.

Þeir sem áttu eftir eitt ár af kjörtímabili sínu í stjórn voru Davíð B. Gíslason, Ásta Óskarsdóttir, Þorgeir Jónsson og Vigfús Þorsteinsson. Fyrir þinginu lágu nokkrar lagabreytingar, en stjórn HSÍ sér um breytingar á reglugerðum sambandsins.

Á starfsárinu hefur stjórnin haldið 12 formlega fundi, en þar fyrir utan voru haldnir 4 fundir með formönnum aðildarfélaganna. Snérust þeir fundir meðal annars um málefni hreyfingarinnar, kærumál á hendur IHF, kynningar á Olís-deildinni og Coca Cola-bikarnum, málefni 1. deildar karla, notkun samfélagsmiðla, sjónvarpsmál, málefni yngri flokka og komandi Ársþing.

Á keppnistímabilinu 2014 – 2015 breyttist mótakerfið í úrvalsdeild karla en samþykkt var á 56. Ársþingi HSÍ lagabreyting um að fjölga í úrvalsdeild karla í 10 lið með 8 liða úrslitakeppni ef fleiri en 18 lið tilkynntu þátttöku í meistaraflokki.

Á árinu 2014 jukust tekjur sambandsins, m.a. vegna styrks frá Olympic Solidarity, sem fékkst vegna þátttökuréttar karlalandsliðsins á HM í Katar og auknum tekjum frá samstarfsaðilum.

Rekstrarkostnaður sambandsins er að aukast jafnt og þétt. Skýringuna er einkum að finna í hækkandi ferðakostnaði landsliða, bæði vegna okkar eigin ferða og hækkandi hótélkostnaði hér á landi.

Á árinu 2014 var hagnaður á rekstri sambandsins rúmar 800.000 krónur. Til að unnt sé að gera reksturinn markvissari og skapa möguleika á að takast á við metnaðarfull verkefni í fræðslumálum, afreksmálum og ekki síst að koma á móts við unga landsliðsmenn vegna kostnaðar við landsliðsverkefni, þarf bæði að auka tekjurnar og fá trygga fjármögnun. Þannig getum við unnið áfram að því að öll landslið okkar geti haldið áfram að keppa í fremstu röð.

Samstarfsaðilar eru mjög mikilvægir í rekstri HSÍ og ekkert sérsamband er með eins stóran hluta tekna sinna af samstarfssamningum við styrktaraðila. Má segja að 70% af tekjum sambandsins sé sjálfsaflafé sem aflað er í gegnum samstarfs- og stuðningsaðila HSÍ. Afrekssjóður ÍSí úthlutaði styrkjum til karla- og kvennalandsliðanna á árinu 2014 og fékk HSÍ hærri upphæð frá Afrekssjóði ÍSí 2014 vegna karlalandsliðsins en svipaða upphæð og árið áður og vegna kvennaliðsins.

ÍSLANDSMÓT | OLÍS-DEILDIRNAR

OLÍS er samstarfsaðili úrvalsdeilda karla og kvenna. Fjármagnið sem fæst fyrir þennan samning er notað til kynningar á OLÍS-deildinni.

Keppnistímabilið 2014 – 2015 er leikið með tíu liðum í karladeildinni, þrefaldri umferð og átta liða úrslitakeppni og falla tvö lið.

Í kvennadeildinni sáum við fram á aukningu en þegar á reyndi urðu liðin tólf í deildinni með átta liða úrslitakeppni. Tíu karlalið og tólf kvennalið í úrvalsdeildum og er leikin þreföld umferð hjá körlum en tvöföld umferð hjá konum, ásamt átta liða úrslitakeppni.

Gróttta varð deildarmeistari kvenna og Valur deildarmeistari karla.

Í 1.deild karla sigraði Gróttta og mun taka sæti HK í úrvalsdeildinni, en fyrsta deildin hefur verið með átta liðum og gengið þokkalega þar. Styrkur deildarinnar virðist þó dvínandi, þar sem fjölgun liða í úrvalsdeildinni er að hafa áhrif á getu liðanna í 1. deildinni. Umspilið um laust sæti í OLÍS-deildinni er í gangi og nú standa yfir undanúrslit í OLÍS-deildum kk og kvk.

Varðandi umfjöllun í fjölmiðlum þá er hún mikil á netmiðlunum mbl.is, visir.is, sport.is, fimmeinn.is og handbolti.org, og fjalla tveir þeirra eingöngu um handknattleik. Morgunblaðið skrifar greinar um flesta leiki í Olís-deild karla. Mörg félög streyma leikjum á netinu og er sjálfsagt að stefna að því að svo sé með alla leiki Olís-deildarinnar og þá bæði kvenna og karla.

Á milli HSÍ og RÚV er samningur um sjónvarpsréttinn á úrvalsdeildum karla og kvenna, ásamt landsleikjum, og eru útsendingar á þessu keppnistímabili um 40 talsins. Hafa beinar útsendingar verið á fimmtudögum í vetur á útsendingarás RUV sport og hefur samstarfið gengið vel.

Á árinu 2015 voru settir á laggirnar þættir sem RUV gerði um 7 bestu karla- og kvennalið Íslands, alls 14 þættir. Var um þetta kosið á netinu og 12.500 manns tóku þátt í kjörinu. Endaði þáttaröðin á beinni útsendingu úr sjónvarpsal sem stóð í eina og hálfa klukkustund laugardaginn 18. apríl og var vel mætt af leikmönnum þeirra liða sem að útnefnd voru.

Umfjöllunin frá HM karla 2015 sem fram fór í Katar var meiri en áður og sýndu bæði RUV og Stöð 2 Sport frá keppninni og voru stöðvarnar jafnframt með sérstaka þætti um mótið. RUV sýndi 34 leiki frá HM í Katar ásamt 34 HM stofum. Stöð 2 sport sýndi 25 leiki í beinni útsendingu og var með 6 samantektarþætti. Aðrir landsleikir keppnistímabilið 2014-2015 verða 5 kvennalandsleikir og 11 karlalandsleikir. Varðandi útsendingar frá Olís-deildinni þá voru frá janúar 2014 – júní 2014 sýndir 12 leikir í deildinni og 26 í úrslitakeppninni eða 38 leikir alls en í Olís-deildum 2014-2015 verða 17 leikir í deild og líklega um 20 í úrslitakeppninni. Nú sem áður hefur það verið keppikefli HSÍ að fá sem flestar beinar útsendingar frá leikjum í efstu deildum.

COCA COLA-BIKARINN

Áfram var haldið með (Final Four) fyrirkomulagið hjá meistaraflokkum og spilað var fimmtudag, föstudag og úrslitaleikirnir á laugardag og síðan eru úrslitin í yngri flokkum leikin á sunnudag eins og síðastliðin ár. Þetta fyrirkomulag hefur reynst frábærlega og hafa úrslitahelgarnar tekist einstaklega vel. Allir leikir í meistaraflokki karla og kvenna voru sýndir beint á RUV og yngri flokkarnir voru sýndir beint á Sport TV.

Um tólf þúsund manns komu í Laugardalshöllina þessa helgi og skemmtu sér vel, hvort sem var á leikjum meistaraflokka eða yngri flokka. Í undanúrslitum mættust hjá körlunum FH – Valur og ÍBV – Haukar. Til úrslita léku svo FH og ÍBV og sigraði ÍBV. Í undanúrslitum mættust hjá konunum Gróttu - Haukar og Valur – ÍBV. Í úrslitaleiknum mættust Gróttu og Valur og þar stóð Gróttu uppi sem sigurvegari.

YNGRI FLOKKAR

Deildarkeppni er í yngri flokkum frá 4. flokki. Hefur mótahald gengið vel þrátt fyrir að veðráttan í vetur hafi sett strik í reikninginn. Samgöngur við Vestmannaeyjar hafa verið afleitar þar sem Landeyjarhöfn var lokað snemma í haust og hefur hún enn ekki verið opnuð. Þrátt fyrir þessi vandamál hefur mótanefnd HSÍ staðið sig mjög vel á þessu keppnistímabili og hefur tekist að halda áætlun í móthaldi vetrarins. Í 5.-8. flokki er mótunum úthlutað til félaganna og hefur veðráttan einnig spilað þar inn í.

LANDSLIÐIN

Samtals léku öll karlalandslið sambandsins 34 landsleiki og kvennalandsliðin 21 landsleik og voru landsleikir á vegum sambandsins alls 65 á árinu 2014.

Karlalandsliðið tók þátt í mörgum verkefnum á árinu 2014 og var íþróttalegur árangur hjá liðinu frábær á EM í Danmörku þar sem liðið endaði í 5 sæti. Síðan fór að halla undan fæti og liðið var ekki að sýna sínar bestu hliðar í framhaldinu. Liðið komst ekki í gegnum útsláttarleikina gegn Bosníu um sæti á HM í Katar 2015, en komst í lokakeppnina sem varabjóð.

Liðið er í forkeppni fyrir EM 2016 og á eftir fjóra leiki í riðlinum. Íslandi er í riðli með Serbíu, Svartfjallalandi og Ísrael og fara tvö lið áfram. Næstu leikir eru við Serba 29. apríl á Íslandi og 3. maí í Serbíu. Í júní fara síðan tveir síðustu leikirnir fram en þeir eru við Ísrael úti þann 10. júní og Svartfjallaland heima 14.júní.

Karlaliðið hafnaði í 11. sæti á HM 2015 í Katar. Þjálfari liðsins er Aron Kristjánsson og honum til aðstoðar Gunnar Magnússon. Liðsstjóri er Guðni Jónsson og sjúkraþjálfarar eru Elís Þór Rafnsson og Pétur Örn Gunnarsson og læknar Brynjólfur Jónsson, Örnólfur Valdimarsson og Björn Pétur Sigurðsson.

Verkefni kvennalandsliðsins voru nokkur. Kvennalandsliðið var í forkeppni EM fyrri hluta ársins og var með Finnum, Frökkum og Slóvakíu í riðli. Tvö lið komust upp úr riðlinum, en það voru Frakkar og Slóvakar. Íslenska liðið tapaði báðum leikjunum fyrir Frökkum og á útivelli fyrir Slóvökum með eins marks mun og vann síðan Finna í báðum leikjum. Það sem setti strik í reikninginn fyrir Ísland var að Frakkar töpuðu óvænt í Slóvakíu með eins marks mun sem þýddi að íslenska liðið komst ekki inn á EM 2014.

Kvennalandsliðið lék fjóra leiki í undankeppni fyrir HM 2015 og vann sinn riðil örugglega. Með Íslandi voru í riðlinum Ítalía og Makedónía. Ísland sigraði alla leiki sína örugglega og í framhaldi af því mun liðið leika tvo leiki í byrjun Júní við hið mjög sterka lið Svartfellinga.

Þjálfari liðsins er Ágúst Jóhannsson og honum til aðstoðar voru Einar Jónsson og Hilmar Guðlaugsson. Sjúkrþjálfari er Elín Harðardóttir og liðsstjóri Þorbjörg Gunnarsdóttir og læknir er Jóhann Róbertsson.

20 ára landslið pilta lék í forkeppnisriðli fyrir EM og fór hann fram í Makedóníu. Liðið komst ekki áfram. Í janúar s.l. lék sama lið í forkeppni HM hér á Íslandi en liðið komst ekki áfram. Þjálfarar liðsins eru Gunnar Magnússon og Reynir Þór Reynisson og liðsstjóri Jóhannes Runólfsson.

20 ára landslið stúlkna komst ekki í gegnum forkeppni HM sem fór fram á Íslandi, í Víkinni. Þjálfarar eru þeir Guðmundur Karlsson og Halldór Harri Kristjánsson og liðsstjóri Brynja Ingimarsdóttir.

18 ára landslið drengja tók þátt í forkeppni EM í janúar 2014 sem fram fór í Svíþjóð og fékk liðið keppnisrétt á EM í Póllandi og stóð liðið sig mjög vel þar, tapaði einum leik og gerði eitt jafntefli. Þjálfarar liðsins eru Einar Guðmundsson, Sigursteinn Arndal og liðsstjóri er Sverrir Reynisson.

18 ára landslið stúlkna fór á Opna EM í Partille síðastliðið sumar. Þjálfarar voru þau Hilmar Guðlaugsson og Inga Fríða Tryggvadóttir og liðsstjóri Brynja Ingimarsdóttir.

16 ára landslið drengja hefur æft vel á tímabilinu og fór í keppnisferð til Póllands í apríl og síðan til Frakklands í október 2014. Þjálfarar liðsins eru Kristján Arason og Konráð Olavson.

16 ára landslið stúlkna fór til Hollands í október 2014 og lék þrjá leiki við hollenska landsliðið. Þjálfarar eru Jón Gunnlaugur Viggósson og Halldór Stefán Haraldsson.

ÁKVÖRÐUN IHF OG ÞÁTTTAKA Í KATAR

Eftir útsláttarleiki við Bosníu lá fyrir að Ísland væri fyrsta varaþjóð frá Evrópu inn á HM vegna góðrar frammistöðu á EM. Áströlum var síðan tilkynnt að að Eyjaálfa fengi ekki sæti á HM þar sem aðeins tvær þjóðir tóku þátt í undankeppni HM auk þess sem geta Ástrala á leikvöllinum er ekki mikil. Þjóðverjum var úthlutað sætinu eftir að reglugerð um skipun varasæta hafði verið breytt. Byggt var á því að Þjóðverjar væru með besta árangur allra liða m.v. síðasta HM. Í framhaldi hófust miklar bréfaskriftir þar sem þessum vinnubrögðum var mótmælt, enda einsdæmi að reglum sé breytt í miðri keppni.

Á fundi með Hassan Moustafa forseta IHF í byrjun ágúst í Basel gerðu fulltrúar HSÍ, þeir Guðmundur B Ólafsson og Davíð B Gíslason, IHF grein fyrir því að HSÍ myndi kæra þessa ákvörðun

IHF. Málið fór fyrir IHF-dómstólinn og var úrskurður dómstólsins að IHF hefði fulla heimild til að afgreiða málið á þennan hátt. Stóð til af hálfu HSÍ að áfrýja málinu til áfrýjunardómstóls IHF og í framhaldi til íþróttadómstólsins í Lausanne í Sviss. Á meðan menn voru að undirbúa frekari málaferli drógu Bahrain og Sameinuðu furstadæmin sig úr keppni. Í framhaldi af því var Íslandi boðin þátttaka á HM í Katar og málaferlum við IHF því sjálfhætt.

Í framhaldi af þessari upptöku hjá IHF hefur Ísland lagt fram tillögu fyrir IHF þing sem fram fer í Búdapest 5.-6. júní 2015 og er tillagan hér.

2.2.1 Reglugerðir í keppnum IHF skulu fara eftir eftirfarandi atriðum.

1. Reglugerðirnar skulu vera grundvallaðar á sjáanlegum viðmiðum.
2. Reglugerðir skulu vera mótaðar á einfaldan hátt.
3. Reglugerðir skulu vera samþykktar og útgefnar áður en keppni hefst.
4. Reglugerðir skulu háðar því að Court of Arbitration for Sports (CAS) hafi yfirfarið þær.
5. Reglugerðum og reglum sé ekki hægt að breyta eftir að keppni er hafin.

2.2.2

Þátttökupjóð sem hefur unnið sér rétt á Heimsmeistaramóti getur ekki verið vísað úr keppni á grundvelli samkeppnishæfni við aðrar þjóðir sem hafa áunnið sér rétt.

Dragi þjóð, sem hefur náð inn í keppni á vegum IHF, sig úr keppni skal ný þjóð valin inn á grundvelli sjáanlegra viðmiða.

SAMSTARFSADILAR

Sambandið vill þakka þeim samstarfsaðilum, sem dyggilega hafa stutt við bakið á starfsemi þess og má þar fremsta nefna Olís, Valitor, Icelandair, Arionbanka, RÚV, Kempa, Promens, Samskip, Höldur, VÍS, Stoð, Sæmark, Flugfélag Íslands, Vífilfell, Actavis, Haga, Laugar, Fönn, Advanía, Íslenska Getspá, Rolf Johansen, Félag Sauðfjárbænda, Samtök fiskframleiðenda, Odda og Ormsson. Samstarfið við þessa aðila hefur verið mjög ánægjulegt og byggist rekstur sambandsins mikið á því.

SKRIFSTOFA HSÍ

Einar Þorvarðarson framkvæmdastjóri HSÍ hefur annast allan daglegan rekstur ásamt starfsfólki HSÍ, þeim Róbert Gíslasyni og Þorbjörgu Gunnarsdóttur, en Árni Stefánsson hætti þann 1. október sl. Aron Kristjánsson landsliðsþjálfari hætti að vera með viðveru á skrifstofu HSÍ í febrúar 2014 en þá tók hann við liði Kolding/Köbenhavn í Danmörku. Stöðugildi á skrifstofu HSÍ voru fjögur þar til í október 2014 en þá fækkaði stöðugildum á skrifstofunni í þrjú.

NÆSTU VERKEFNI

Þegar litið er tilbaka er árangur íslenskra landsliða undanfarin ár ótrúlega góður. Hins vegar verðum við að passa að dragast ekki aftur úr. Markmið HSÍ er að öll landslið sambandsins nái inn á úrslitamót EM og HM. Þetta hefur því miður ekki gengið eftir sl. ár.

Árangur yngri landsliða sýnir að samkeppnin er hörð og við þurfum að vinna mjög markvisst með yngri leikmönnum til að halda okkur áfram meðal þeirra bestu. Á þessu þingi er kynnt afreksstefna sem segja má að sé tvíþætt.

Annars vegar er horft til aldurhópsins 13-18 ára með að aðstoða félögin við að koma upp markvissri styrktarþjálfun, kennslu í næringarfræði ofl. sem kynnt verður félögum og fylgt eftir af hálfu HSÍ.

Hins vegar er stofnun afrekshópa þar sem unnið er með framtíðarlandsliðsmönnum í öllum þáttum sem snúa að afreksstarfi. Þar má nefna, tækni, líkamsstyrk, næringarfræði og ekki síst andlega þáttinn. Til þessa verkefnis höfum við fengið gott og reynslumikið afreksfólk.

Þannig getum við tekið forskot á aðrar íþróttagreinar og búið til afreksfólk framtíðarinnar.

Jafnframt er mikilvægt að samhliða þessum verkefnum skapist grundvöllur fyrir að þjálfarar upp dómara og gera störf þeirra einnig eftirsóknarverð.

Til að geta mætt þessum verkefnum þurfum við að tryggja fjármagn og þá helst með þeim hætti að við sjáum fram á örugga fjármögnun fram í tímann til að geta gert starfið markvisst.

Þá verður að halda áfram að vinna að betri umgjörð fyrir landsleiki þannig að við getum fjölgað áhorfendum. Rætt hefur verið um byggingu þjóðarleikvangs í nokkur ár og virðist sem enn sé nokkuð langt í land að sá draumur rætist. Það breytir því ekki að leysa þarf vandann og skapa landsliðinu viðunandi aðstöðu til æfinga og keppni.

Guðmundur B. Ólafsson formaður.

SKÝRSLA LANDSLIÐSNEFNDAR KVENNA HSÍ

Nefndarskipan var sem hér segir:

Ragnheiður Traustadóttir, formaður
Lárus B. Lárusson, ritari
Brynja Ingimarsdóttir, nefndarmaður
Þorbjörg Gunnarsdóttir, tengsl við skrifstofu HSÍ
Landsliðsþjálfarar þetta starfsárið

A landslið Ágúst Þór Jóhannsson og Einar Jónsson, aðstoðarþjálfari
U19 ára Hilmar Guðlaugsson og Inga Fríða Tryggvadóttir
U17 ára Jón Gunnlaugur Viggósson og Halldór Stefán Haraldsson
U15 ára Hrafnhildur Skúladóttir og Stefán Arnarsson
Markmannsþjálfari Guðný Jenný Ásmundsdóttir

Helstu verkefni og áherslur hjá nefndinni

- Að skapa öllum landsliðunum besta mögulega umhverfi.
- Samhæfð þjálfun allra kvennaliða.
- Umgjörð um landsleiki.
- Auka umfjöllun og markaðssetja kvennahandbolta.
- Markmannsþjálfun allra landsliða.
- Handbók fyrir yngri landsliðin.
- Búa til tengslanet allra fyrrum landsliðskvenna.

Verkefni A landsliðsins á árinu

Íslenska landsliðið lék fjóra leiki í riðlakeppninni fyrir EM á árinu 2014 sem var í Ungverjalandi og Króatíu í desember. Því miður náðum við ekki að komast inn þrátt fyrir góðan árangur, en Ísland var í riðli með Finnlandi, Frakklandi og Slóvakíu. Ísland vann báða leikina við Finnland, tapaði með einu marki fyrir Slóvakíu úti en vann tveggja marka sigur hér heima. Íslenska liðið tapaði báðum leikjum gegn Frakklandi.

Í forkeppni fyrir umspil um að komast á HM 2015 fékk íslenska liðið fullt hús stiga en Ísland vann bæði Ítalíu og Makedóníu í tvígang. Íslenska landsliðið spilaði fyrri leikinn við Ítalíu í Chieti 27. nóvember og öruggur sigur var staðreynd, 26-17. Seinni leikurinn fór fram í Laugardalshöll 30. nóvember og lauk 27-21. Fyrri leikurinn við Makedóníu var 3. desember í Laugardalshöllinni og lauk með góðum sigri Íslands 33-23 en seinni leikurinn var í Skopje 6. desember og lauk 28-22.

Landsliðið fór á æfingamót til Sviss í mars 2015 og lék 3 landsleiki.

Í umspili um laust sæti á HM mætir landsliðið Svartfjallalandi í tveimur leikjum. Leikirnir verða leiknir 7. og 14. júní.

Dregið var í riðla fyrir Evrópumótið í Svíþjóð 2016. Ísland er í riðli með Frakklandi, Þýskalandi og Sviss.

Yngri landsliðin

Yngri landsliðin æfa í landsliðsvikum sem eru 5 til 6 sinnum á ári. Tíminn er nýttur til þess að skipuleggja varnar- og sóknarleik með því að stilla saman hópinn. Samvinna hefur verið á milli A-landsliðsþjálfara og yngri landsliðsþjálfara. Unnið hefur verið að því að samræma leikskipulag milli landsliða. Ljóst er að það þarf að gera enn betur eigum við að komast í fremstu röð. A landsliðið hefur verið að sýna árangur á síðustu árum og þarf sú vinna að halda áfram með styrkingu á yngri landsliðum.

U 15 ára

Ekki er langt síðan byrjað var að velja efnilega unga handboltamenn í U16 ára, en nú var ákveðið að formlega yrði til U15 ára landsliðshópur kvenna til að reyna styrkja yngri landsliðin og A-landsliðið til framtíðar. Hrafnhildur Skúladóttir og Stefán Arnarsson voru ráðin sem landsliðsþjálfarar og var valinn 34 manna æfingahópur í desember sl. U15 ára landsliðið lék síðan tvo vináttulandsleiki gegn Skotum 10. og 11. janúar.

Æfingaleikir eru fyrirhugaðir við Færeyjar í maí 2015.

U 17 ára

U17 ára fór í æfingaferð til Hollands dagana 7.-9. október og spilaði þrjá æfingaleiki við hollenska landsliðið. Var það liður í að fjölga æfingaleikjum hjá yngri landsliðunum og undirbúningur fyrir undankeppni Evrópumótsins.

U17 ára landsliðið tók þátt í undankeppni Evrópumeistaramótsins í Færeyjum dagana 13.-15. mars 2015 og var í riðli með Rússum, Tékkum og Færeyingum. Ísland endaði í fjórða sæti. Ísland tapaði fyrir bæði Færeyjum og Tékklandi með eins marks mun og fyrir Rússlandi með átján marka mun. Við höfum verk að vinna með þennan efnilega hóp og þarf að stíga skrefið til fulls til að vera jafnfætis þessum liðum. Unnið er að áætlun hvernig hægt að styrkja hópinn og gera hann samkeppnishæfan. Ljóst er að það þarf gera átak í þessum aldurshópi.

U19 ára

Landsliðið tók þátt í Opna Evrópumótinu á Partille Cup í júlí 2014 og spilaði sjö landsleiki og var árangur þeirra ágætur. Liðið vann Holland, Noreg, og Austurríki en tapaði fyrir Slóvakíu, Póllandi og Rúmeníu og gerði eitt jafntefli við Færeyjar.

Ísland tapaði öllum leikjum sínum í undanriðli EM í Makedóníu nú í apríl 2015 en það mætti Makedóníu, 22-24, Svartfjallalandi, 17-23, og Hollandi, 24-25. Það er ljóst að U19 ára liðið á erindi á slíkt mót en skoða þarf hvernig hægt verður að stíga skrefið til fulls og klára leiki.

Markmannsþjálfun

Unnið hefur verið markvisst að því á undanförunum árum að reyna bæta markmannsþjálfun hjá landsliðunum og var fenginn markmannsþjálfari til að vera með A-landsliðinu og yngri landsliðunum á æfingum en landsliðsnefnd vill auka enn á þennan þátt og verður haldið áfram með þetta starf og það gert markvissara. Ljóst er að það þarf sérstakt fjármagn til að úr því geti orðið.

Handbók og tengslanet yngri landsliða

Landsliðsnefnd hefur unnið að því að gera handbók fyrir yngri landsliðin. Vinnan er komin ágætlega af stað en mikilvægt er að handbókin nýtist sem best í starfi hjá yngri landsliðum, leikmönnum, foreldrum, þjálfurum jafnt sem og stjórnarmönnum landsliðsnefndar og starfsfólki HSÍ. Þar þarf að koma skýrt fram markmið og hvernig hinu innra starfi er háttað.

Mikilvægt er að handbókin sé aðgengileg öllum þeim sem koma að starfi landsliða, sér í lagi þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref sem leikmenn yngri landsliða og þjálfarar. Mikilvægt er að hugsa handbókina sem lifandi plagg.

Eitt af því sem landsliðnefnd telur að sé mikilvægt er það að auka tengsl landsliðanna við foreldra og nýta þá betur sem auðlind. Efla má samskipti milli landsliðsnefndar, þjálfara, foreldra og leikmanna. Nefndarmenn töldu að litlar upplýsingar um hlutverk og mikilvægi foreldrastarfsins valdi því að þeir eru hræddir við að taka þátt. Ýmsar lausnir komu fram í umræðum, m.a. tengt auknu upplýsingaflæði, fræðslu og samskiptum. Þar má nefna auknar upplýsingar til foreldra þar sem þjálfarar yngri landsliða gets stuðst við staðlaða upplýsingagjöf með handbók til foreldra. Aukið upplýsingaflæði ætti að vera öllum í hag.

Fóru nefndarmenn á fundi með þjálfurum og foreldrum og kynntu hlutverk nefndarinnar og hvernig hægt væri að auka þátttöku foreldra í starfinu.

Málþing um íslenskan kvenna handbolta

Landsliðsnefndin hefur verið að vinna að því að halda málþing um íslenska kvennahandbolta og er stefnt að því haustið 2015. Það er mikilvægt að efla hlut kvenna í handboltanum og skapa umræðu um hvert við viljum stefna og hverjar leiðirnar eru til að komast í fremstu röð.

Málþingið mun hafa yfirskriftina: Hvernig komumst við í fremstu röð?

Markaðssetja og kynna íslenska landsliðið

Nefndin hefur lagt áherslu á að reyna að auka umfjöllun um A-landsliðið og almennt auka hlut kvenna í almennri umfjöllun um handknattleik, fá betri kynningu á leikina og liðið sjálft. Hefur ýmislegt verið gert til að auka umræðuna á netmiðlum en ljóst er að hægt og þarft er og að gera mun betur.

Í fyrstu atrennu hafa netmiðlar verið notaðir að mestu og hefur verið unnið að því nota Facebook-síðuna *Stelpurnar okkar* til að kynna öll kvennalandsliðin. Auk þess var stofnuð Instagram-síða sem heitir *Stelpurnar okkar* þar sem landsliðskonurnar hafa verið með kynningu í eina viku hver á því hvernig það er að vera handboltamaður í fremstu röð. Sést vel að yngri kynslóð hefur fylgst vel með þeim.

Landsliðsnefnd kvenna bauð öllum iðkendum í 4. flokki kvenna á landsleikinn gegn Ítalíu í forkeppninni fyrir umspilssæti á HM sem spilaður var hér heima. Alls eru 17 lið og yfir 300 stúlkur sem æfa handbolta. Tókst það mjög vel og var góð kynning á leiknum og landsliðinu. Þjálfarar og félögin tóku vel í þessa nýbreytni og sendu flest félögin mynd af stúlkunum með hvatningu til landsliðsins.

Samningar við fyrirtæki til styrktar yngri landsliðum

Landsliðsnefnd er að skoða hvort hægt sé að fá fyrirtæki til að styrkja yngri landsliðin með aðföngum þegar landsleikir eru í Höllinni. Þetta er fjáröflun yngri landsliðanna fyrir sín verkefni. Unnið verður að gerð samninga sem ná yfir lengri tíma við fyrirtæki.

Afreksstefna landsliðsnefndar

Til að komast í fremstu röð var ákveðið að nauðsynlegt væri að starfrækt væri B-landslið. Útfærslan á þessari hugmynd er nú á því stigi að efnilegir leikmenn kvenna og karla á aldrinum 18 til 25 verða valdir á vormánuðum og njóta þeir einstaklingsmiðaðrar afreksþjálfunar.

Landsliðsnefnd

Landsliðsnefnd hélt 5 bókaða fundi auk annarra funda. Nefndin var í nánnum samskiptum við skrifstofu HSÍ og þjálfara landsliða. Kunnum við þeim þakkar fyrir gott samstarf.

Landsleikjalisti:

A-kvenna

Mið. 26.mar.2014	19.30	Laugardalshöll	Ísland - Frakkland	21-27
Lau. 29.mar.2014	16.30	Limoges	Ísland - Frakkland	19-24
Mið. 11.jún.2014	16.00	Raasepori	Ísland - Finnland	29-20
Sun. 15.jún.2014	14.45	Laugardalshöll	Ísland - Slóvakía	30-28
Fim. 9.okt.2014	18.15	Malmö	Ísland - Svíþjóð	26-31
Lau. 11.okt.2014	17.15	Skövde	Ísland - Svíþjóð	24-32
Fim. 27.nóv.2014	16.30	Chieti	Ísland - Ítalía	26-17
Sun. 30.nóv.2014	16.00	Laugardalshöll	Ísland - Ítalía	27-21
Mið. 3.des.2014	19.30	Laugardalshöll	Ísland - Makedónía	33-23
Lau. 6.des.2014	16.45	Skopje	Ísland - Makedónía	28-22

U-20 kvenna

Fös. 18.apr.2014	14.00	Víkin	Ísland - Úkraína	27-29
Lau. 19.apr.2014	14.00	Víkin	Ísland - Rúmenía	21-25
Sun. 20.apr.2014	16.00	Víkin	Ísland - Slóvenía	23-28

U-18 kvenna

Mán. 30.jún.2014	10:30	Gautaborg	Ísland - Austurríki	20-13
Mán. 30.jún.2014	18.30	Gautaborg	Ísland - Færeyjar	11-11
Þri. 1.júl.2014	06:30	Gautaborg	Ísland - Noregur	20-18
Þri. 1.júl.2014	13.30	Gautaborg	Ísland - Rúmenía	11-19
Mið. 2.júl.2014	10:30	Gautaborg	Ísland - Pólland	19-22
Fim. 3.júl.2014	08:20	Gautaborg	Ísland - Holland	19-16
Fös. 4.júl.2014	09:15	Gautaborg	Ísland - Slóvakía	18-20
Þri. 7.okt.2014	14.30	Arnhem	Ísland - Holland	22-25
Mið. 8.okt.2014	14.30	Arnhem	Ísland - Holland	26-34
Fim. 9.okt.2014	14.30	Arnhem	Ísland - Holland	15-28

SKÝRSLA LANDSLIÐSNEFNDAR KARLA HSÍ

Nefndarskipan var sem hér segir.

Einar Einarsson - formaður

Ingibjörg Ragnarsdóttir

Jakob Sigurðsson

Páll Ólafsson

Páll Þórólfsson

Helstu áherslur nefndarinnar eru eftirfarandi og var unnið að þeim eftir föngum:

- Að skapa landsliðum sem best umhverfi.
- Samhæfð þjálfun allra karlalandsliða.
- Samræmd leikkerfi hjá öllum landsliðum.
- Bæta líkamlega þjálfun hjá yngri leikmönnum.
- Bæta markmannsþjálfun.
- Allir landsliðsþjálfarar vinna í Sideline-umhverfinu.
- Auka meðvitund leikmanna fyrir góðu líkamlegu ástandi.
- Efla næringarráðgjöf.

Landsliðsþjálfarar þetta starfsár voru:

- A-landslið: Aron Kristjánsson, Gunnar Magnússon og Erlingur Richardsson.
- U20-ára liðið: Gunnar Magnússon og Reynir Þór Eynisson
- U18-ára liðið: Einar Guðmundsson og Sigursteinn Arndal
- U16-ára liðið: Kristján Arason og Konráð Olavson
- U14-ára liðið: Heimir Ríkharðsson

Stutt yfirlit yfir helstu þætti starfsins.

Karlalandslið Íslands tók þátt í Evrópumeistaramótinu í Danmörku og náði þar góðum árangri. Liðið náði 5.sæti á mótinu þrátt fyrir töluverð forföll. Í maí og júní var unnið með úrtakshóp sem æfði ásamt 20 ára liðinu og þeim leikmönnum sem voru búnir að ljúka sínum verkefnum hjá félagsliðum sínum úr A-liðinu. Þessi hópur æfði saman áður en kom að leikjaverkefni A-liðsins í júní. Það voru spilaðir 3 æfingaleikir við Portúgali þar sem A-landsliðið lék 2 leiki og úrtakshópurinn eða svokallað B-lið lék 1 leik. Er þetta hluti af þeirri vinnu að reyna að auka breiddina í A-landsliðinu. A-liðið keppti svo í undankeppni HM í Katar á móti Bosníu í júní. Liðið tapaði með minnsta mun eða með 1 marki samtals. Eftir pólitískan ágreining í nágrannaríkjum Katar drógu tvær þjóðir sig úr keppni. Ísland tók pláss annarra þessara ríkja þar sem góður árangur á EM2014 gerði það að verkum að liðið var fyrsta varapjóð Evrópu. Nú tekur A-liðið þátt í riðlakeppni í undankeppni Evrópumótsins í Póllandi 2016.

Skipulag yngri landsliða

Yngri landsliðin koma saman 5-6 sinnum á ári til að æfa og taka þátt í leikjum og mótum. Tíminn er vel nýttur til að æfa þau atriði sem þarf að laga og stilla saman hópinn. Samvinna er á milli landsliða um æfingar og æfingaleiki. Rauður þráður er í vinnu yngri landsliðanna þannig að leikkerfi, varnaráherslur og fleira eru samrýmt. Leikmenn eiga því að eiga auðveldara með að færast milli landsliða.

Helstu verkefni sem hafa verið í gangi á árinu:

Markmannsþjálfun

Reglulegar æfingar með okkar efnilegustu markmömmum hafa staðið yfir allt árið. Teymið fer á æfingar hjá öllum yngri landsliðunum og kemur að þjálfun markvarða og hefur einnig tekið þátt í því að velja hvaða markmenn eru teknir inn í landsliðin. Verkefnið hefur gengið vel. Uppi eru hugmyndir um að fá erlenda markmannsþjálfara til að koma og halda fyrirlestra til að efla starfið enn meira.

Líkamleg þjálfun

Búið er að mynda teymi sem sér um að skipuleggja styrktarþjálfun, sér um líkamleg próf sem yngri landsliðin þreyta tvisvar á ári. Búið að búa til námskrá um hvernig á að standa að líkamlegri þjálfun barna og unglunga og búa til efni fyrir þjálfara og leikmenn til að vinna eftir. Næsta skref er að virkja þetta út í félögin. Halda námskeið með þjálfurum sem tengjast þessari uppbyggingu þannig að þjálfararnir geti unnið þetta sjálfir úti í félögunum. Markmiðið er að gera alla líkamlega þjálfun markvissari og árangursríkari. Einnig er unnið að því að útbúa gagnagrunn þar sem hægt er að nálgast niðurstöður mælinga fyrir öll yngri landslið.

Leikatriði – Búið að vinna í að samræma leikkerfi hjá öllum landsliðum. Rauður þráður á milli landsliða.

Gagnagrunnur (Sideline)

Allir landsliðsþjálfarar eiga að vinna sína vinnu í Sideline Networks. Þar á allt skipulag varðandi viðkomandi landslið að vera. Leikgreiningar, æfingaseðlar, áætlanir og fleira. Hægt er að senda efni út til leikmanna í gegnum Sideline.

Afrekshópar HSÍ

Í maí 2015 verður afrekshópum HSÍ hleypt af stokkunum. Ætlunin er að byggja brú á milli A-landsliðsins, deildarinnar og yngri landsliða. Hugmyndin er að reyna að hámarka þróun okkar efnilega fólks. Valinn er hópur sem mun æfa saman í maí og þessum hópi verður svo fylgt eftir allt árið. Hópurinn hittist reglulega og fylgst verður með leikmönnum hjá félögunum. Unnið er með heildstæða þróun leikmannsins í huga, þ.m.t. leikatriði, tækni, líkamleg uppbygging, mataræði og andlega þjálfun. Fylgst er grannt með hverjum og einum og reynt að tryggja framfarir hjá viðkomandi leikmönnum. Einnig eru leikmennirnir settir inn í leikatriði A-landsliðsins.

Landsleikjalisti:**A-karla**

Fös. 3.jan.2014	17.00	Dortmund	Ísland - Rússland	35-34
Lau. 4.jan.2014	14.00	Krefeld	Ísland - Austurríki	30-22
Sun. 5.jan.2014	15.15	Oberhausen	Ísland - Þýskaland	24-32
Sun. 12.jan.2014	15.00	Álaborg	Ísland - Noregur	31-26
Þri. 14.jan.2014	17.00	Álaborg	Ísland - Ungverjaland	27-27
Fim. 16.jan.2014	17.00	Álaborg	Ísland - Spánn	28-33
Lau. 18.jan.2014	17.15	Herning	Ísland - Austurríki	33-27
Mán. 20.jan.2014	15.00	Herning	Ísland - Makedónía	29-27
Mið. 22.jan.2014	19.30	Herning	Ísland - Danmörk	23-32
Fös. 24.jan.2014	15.00	Herning	Ísland - Pólland	28-27
Fös. 4.apr.2014	19.30	Schenkerhöllin	Ísland - Austurríki	37-34
Lau. 5.apr.2014	16.00	Ólafsvík	Ísland - Austurríki	27-36
Sun. 1.jún.2014	16.00	Ísafjörður	Ísland - Portúgal	33-28
Mán. 2.jún.2014	19.00	N1 höllin	Ísland - Portúgal	28-33
Þri. 3.jún.2014	19.30	Austurberg	Ísland - Portúgal	29-26
Lau. 7.jún.2014	18.15	Sarajevo	Ísland - Bosnía - Herzegovína	32-33
Sun. 15.jún.2014	17.15	Laugardalshöll	Ísland - Bosnía - Herzegovína	29-29
Mið. 29.okt.2014	19.30	Laugardalshöll	Ísland - Ísrael	36-19
Sun. 2.nóv.2014	17.00	Bar	Ísland - Montenegro	24-25

U-21 karla

Fös. 4.apr.2014	14.00	Skopje	Ísland - Grikkland	19-20
Lau. 5.apr.2014	14.00	Skopje	Ísland - Ítalía	31-21
Sun. 6.apr.2014	17.00	Skopje	Ísland - Makedónía	15-21

U-19 karla

Fös. 10.jan.2014	18.00	Eksjö	Ísland - Svíþjóð	21-31
Lau. 11.jan.2014	15.00	Eksjö	Ísland - Moldavía	50-16
Sun. 12.jan.2014	12.00	Eksjö	Ísland - Grikkland	38-25
Fös. 4.apr.2014	17.30	Rødby	Ísland - Danmörk	21-22
Lau. 5.apr.2014	11.00	Nakskov	Ísland - Danmörk	27-22
Sun. 6.apr.2014	12.00	Eskilstrup	Ísland - Danmörk	26-31
Fim. 14.ágú.2014	17.00	Gdansk	Ísland - Serbía	29-24
Fös. 15.ágú.2014	15.00	Gdansk	Ísland - Svíþjóð	24-24
Sun. 17.ágú.2014	17.00	Gdansk	Ísland - Sviss	22-24
Þri. 19.ágú.2014	13.00	Gdansk	Ísland - Rússland	40-36

Mið. 20.ágú.2014	11.00	Gdansk	Ísland - Makedónía	26-25
Fös. 22.ágú.2014	15.30	Gdansk	Ísland - Hvíta- Rússland	32-28
Lau. 23.ágú.2014	18.00	Gdansk	Ísland - Króatía	33-28
Lau. 27.des.2014	16:10	Merzig	Ísland - Tékkland	22-28
Sun. 28.des.2014	13.00	Merzig	Ísland - Holland	22-29
Sun. 28.des.2014	16.30	Merzig	Ísland - Þýskaland	18-27
Mán. 29.des.2014	09:30	Merzig	Ísland - Pólland	26-32
Mán. 29.des.2014	16.30	Merzig	Ísland - Saar	25-20

U-17 karla

Fös. 4.apr.2014	14.00	Dzierzoniow	Ísland - Noregur	25-30
Lau. 5.apr.2014	16.00	Dzierzoniow	Ísland - Pólland	21-25
Sun. 6.apr.2014	8.00	Dzierzoniow	Ísland - Ungverjaland	24-28
Fim. 30.okt.2014	19.00	Amiens	Ísland - Frakkland	25-34
Fös. 31.okt.2014	17.00	Amiens	Ísland - Sviss	28-25
Lau. 1.nóv.2014	17.00	Amiens	Ísland - Ungverjaland	31-30

Einar Einarsson formaður landsliðsnefndar karla.

SKÝRSLA MÓTANEFNDAR HSÍ

Mótanefnd 2014-2015

Vigfús Þorsteinsson, formaður

Pétur Vilberg Guðnason

Arnar Þorkelsson

Unnur Sigmarsdóttir

Ragnheiður Stephensen

Starfsmaður mótanefndar var Róbert Gíslason og eru honum þökkun góð störf.

Líkt og áður fer starfsemi mótanefndar að mestu fram í tölvupóstsamskiptum og samtölum við fulltrúa félaga, sem var einkum á herðum starfsmanns mótanefndar. Einnig hélt mótanefnd nokkra fundi.

Samráðsfundir

Umferðartal meistaraflokka var kynnt í maí 2014. Í upphafi tímabils, í september 2014, var farið yfir mót meistaraflokka með fulltrúum félaganna.

Haldinn var fundur með unglingaráðum í apríl 2014, þar sem breytingatillögur fyrir næsta tímabil voru kynntar og ræddar. Þær voru síðan lagðar fyrir annan fund sem haldinn var í maí 2014, þar sem þær voru afgreiddar. Við upphaf tímabils í september 2014 var haldinn fundur þar sem farið var yfir helstu breytingar og áherslur í mótahaldi yngir flokka. Í apríl 2015 var farið yfir það hvernig mótahald hefur gengið og ræddar hugmyndir félaga um breytingar og er reiknað með að þeim umræðum ljúki í maí.

Meistaraflokkur

Í haust var fjölgað í úrvalsdeild karla úr 8 liðum í 10 og virðist það hafa heppnast vel, því deildin var spennandi fram í síðustu umferð, bæði á botni og toppi.

Leikjum fjölgaði við þetta úr 21 í 27, nú eru umræður um að þetta sé of mikið álag og það þurfi að fækka umferðum úr 3 í 2 þannig að leikjafjöldi verði 18.

Það er tvennt sem ber að varast við slíkar breytingar, sem mótanefnd vill benda sérstaklega á. Annars vegar að það er varasamt að breyta deildinni tvö ár í röð, hún þarf að hafa stöðugleika þannig að hinn venjulegi áhorfandi sé með á nótunum og skilji fyrirkomulagið. Það er ekki langt síðan deildinni var breytt 6 tímabil í röð og flestir voru búnir að tapa áttum á því hvernig framkvæmd hennar var háttað. Hins vegar að ástæða þess að umferðirnar eru 3 en ekki 2 í 10 liða deild er sú að í úrvalsdeild kvenna voru eingöngu leiknar 2 umferðir tímabilið 2011 og þá þótti það of lítið og umferðum var fjölgað í 3 þegar 10 lið eru í deild.

Yngri flokkar

Á síðasta tímabili breyttum við verkferlum við tilfærslur á leikjum í 3. og 4. flokki þannig að félög geti fært leiki með samkomulagi, það eru þó nokkur skilyrði sem þarf að uppfylla til þess að þetta gangi eftir.

- Hitt félagið samþykkir beiðnina.
- Nýr leiktími er samþykktur af báðum aðilum.
- Ekki er verið að færa leikinn langt fram eða aftur í tíma.

Ferlið fer fram án aðkomu mótanefndar, sem í raun aðeins samþykkir tilfærsluna eftir að allt er klárt, þ.e. öll samþykki og nýr leiktími.

Þetta hefur gefist vel og var notað aftur í vetur og virðist vera komið til að vera.

Frestanir

Þessi vetur er búinn að vera sérlega erfiður vegna ófærðar og/eða veðurs og varla hefur liðið sú vika eftir áramót að ekki þurfi að fresta einhverjum leikjum vegna þessa.

Það er því nokkuð vel að verki staðið að mótið hafi klárast á réttum tíma og að mestu leyti án vandkvæða en því er að mestu að þakka frábærum starfsmanni mótanefndar sem er á vakt nánast allann sólahringinn.

Með handboltakveðju

Mótanefnd HSÍ.

SKÝRSLA DÓMARANEFNDAR HSÍ

Haustfundur dómara og eftirlitsmanna var haldinn sunnudaginn 24. ágúst 2014 og á hann mættu rúmlega þrjátíu C-stigs dómarar og flestir eftirlitsmenn. Á fundinum var fjallað um viðmið við niðurröðun, eftirlitsmál, áherslur vetrarins og að því loknu var fjögurra klukkustunda Dale Carnegie námskeið í líkamstjáningu og samskiptum.

Áður en fyrsta umferð í Íslandsmótinu hófst þurftu dómara að taka líkamlegt próf að hætti EHF/IHF og bóklegt próf í reglum sem þeir gátu tekið á internetinu <http://www.handballruletests.com/choose-lang/index/type/indoor>. Dómurum var gert að skila skjámynd með dagsetningu um að þeir hefðu staðist það.

Á haustfundinum var einnig ræddur áætlaður dómarakostnaður og skipting hans ásamt áætluðum kostnaði við eftirlit en vegna mannekleu hefur aðeins tekist að manna um það bil helming þeirra leikja sem áætlað var í eftirliti.

	Leikjafjöldi	Áætlaður kostnaður við dómara með dagpeningum og ferðakostnaði	Áætlaður kostnaður við eftirlit með dagpeningum og ferðakostnaði
Olis deild karla	135	5.849.100 kr.	1.480.843 kr.
Olis deild kvenna	182	7.428.850 kr.	2.613.676 kr.
1. deild karla	84	3.607.300 kr.	1.384.652 kr.
Meistarakeppni HSÍ	2	107.270 kr.	28.426 kr.
Deildarbikar HSÍ	6	190.800 kr.	45.318 kr.
Bikarkeppni HSÍ að 4 liða	29	922.200 kr.	219.037 kr.
Bikarkeppni HSÍ final	6	303.960 kr.	65.142 kr.
Úrslitakeppni karla	22	1.114.520 kr.	238.854 kr.
Úrslitakeppni kvenna	22	1.114.520 kr.	238.854 kr.
Umspil	8	405.280 kr.	86.856 kr.
Úrslit utandeild	6	107.640 kr.	
Úrslit yngri flokka 4.fl	32	629.120 kr.	
Úrslit yngri flokka 2.-3. fl	24	522.720 kr.	
Bikar yngri flokka 4.fl	67	1.317.220 kr.	
Bikar yngri flokka 2.-3.fl	48	1.045.440 kr.	
2.flokkur karla	126	3.744.630 kr.	
Samtals	799	28.410.570 kr.	6.401.658 kr.



Fundur var haldinn með þjálfurum mánudaginn 15. september þar sem farið var yfir haustfund dómara og þeim kynntar þær áherslur sem þar voru teknar.

Annar fundur dómara og eftirlitsmanna var haldinn í janúar 2015 þar sem farið var yfir áherslur vetrarins, tekin videopróf, farið yfir frammistöðumat og Viðar Halldórsson hélt fyrirlestur um samskipti og fleira.

Fyrir janúarfundinn sendi dómaranefnd eftirfarandi tölvupóst til allra þjálfara;

Eru einhver atriði sem ykkur finnst ábótavant og teljið ástæðu til að fjalla um? Ef þið eigið til klippur sem sýna þessi atvik þá væri það mjög vel þegið en þið getið líka bent á einhver atriði sem þið viljið fá umræðu um og við munum þá ræða þau á fundinum.

Hér að neðan má sjá einkunnargjöf frá eftirlitsmönnum á þeim liðum sem veitt er umsögn um hverju sinni og þar er mest hægt að fá 5 og minnst 1. Þessar tölur eru teknar úr gagnagrunni sem við settum upp áður en tímabilið hófst og er afrakstur úr 72 leikjum úr öllum deildum og bikar á tímabilinu af 218 leikjum sem búið er að spila í meistaraflokkum (33%).

Vegið meðaltal einkunna	Allir	Efstu 3	Neðstu 3	Mismunur
Háttvísi og hlutleysi.....	3,38	3,53	3,11	0,42
Leiðtogahæfileiki.....	3,39	3,89	2,72	1,17
Persónuleiki.....	3,43	4,00	2,61	1,39
Hvatning/sjálfs gagnrýni.....	3,30	3,68	2,61	1,07
Bendingar/hreyfingar.....	3,18	3,79	2,44	1,35
Samvinna dómara.....	3,44	3,68	3,17	0,52
Samvinna við borðið.....	3,48	3,68	2,89	0,80
Andrúmsloft.....	3,28	3,53	3,11	0,42
Óþróttamannleg framkoma.....	3,36	3,53	3,33	0,19
Samræmi í dómum.....	3,13	3,53	2,44	1,08
Persónubundnar refsingar.....	3,03	3,16	2,67	0,49
Barátta línu- og varnarleikmanna..	3,21	3,26	3,00	0,26
Geta til að lesa leikinn.....	3,38	3,68	2,89	0,80
Leikleysa.....	3,49	3,47	3,22	0,25
Sóknarbrot.....	3,43	3,58	3,22	0,36
Vítaköst, samræmi.....	3,46	3,79	3,11	0,68
Skref.....	2,97	3,11	2,89	0,22
Framkvæmd kasta.....	3,46	3,84	3,11	0,73
Tæknileg útfærsla leikreglna.....	3,39	3,79	3,00	0,79

Sex þjálfarar svöruðu kalli dómaranefndar, fjórir úr Olís-deild karla, einn úr Olís-deild kvenna og einn úr 1. deild. Fjallað var um umsagnir þessara þjálfara (nafnlaust) og farið yfir hvað betur mætti fara. Þessum þjálfurum eru færðar sérstakar þakkir fyrir þeirra framlag. Hér að neðan má sjá brot af umsögnum þeirra;

„Það er flott að sjá þessar tölur og ég hjó einmitt eftir því að dómarar fá ekki háa einkunn hvað skref varðar. Það er einmitt það fyrsta sem ég vil nefna. Alltof oft eru dæmd skref þegar það er fjarri því að vera skref. Hik, sem dæmi, eru skref. Menn hoppa upp, bíða, stinga niður og lenda - skref dæmd. Það hefur mér þótt óþolandi.“

„Að lokum, ég hef reynt að bæta mig og mína hegðun á hverju ári. Ég fæ ekki oft refsingar á bekkinn. Það hefur þó gerst í vetur en hjá sama parinu í bæði skiptin. Þar samþykkti annar dómari að ég hefði mótmælt sjaldan en kröftuglega en ýjaði, að mér fannst, að því að skárri væri að ég myndi tuða jafn og þétt.“

„Dómgæslan í vetur hefur verið vel á pari. Fyrir mína parta mun meira jákvætt en neikvætt. Nokkur pör hafa vaxið mikið osfrv.“

„Mér finnst þörin almennt á of breiðri línu í sinni dómgæslu. Maður þarf að undirbúa leikmenn fyrir það hvaða dómaraar dæma og hvað þeir leggja áherslu á. Tel að það sé ekki nógu gott. Sumir dæma sóknarbrott á allt á meðan aðrir dæma nánasta aldrei sóknarbrott. Sum þör eru mjög ströng á meðan önnur dæma lítið af 2 mín. Sum þör leyfa spjall á meðan önnur gefa gult við fyrsta "tuð".“

„Ég hef nú séð nánast alla leik í deildinni í vetur og tímabilinu í fyrra og hef séð alltof mörg óþverrabrott sem snúa hreinlega að því að slasa lykilleikmenn. Kannski hef ég veitt því sérstaklega athygli, en einhvern veginn finnst mér þessi óþverrabrott hafa aukist töluvert síðastliðin 2 ár.“

„Fyrir utan þessa punkta finnst mér dómgæslan búin að vera góð í vetur, svona heilt yfir. Alltaf gaman þegar dómaraar eru léttir og eiga góð samskipti við leikmenn og þjálfara, veit að menn kunna að meta það.“

Á fundinum var kynnt frammistöðumat dómara sem byggir á danskri fyrirmynd og er nú notað í fyrsta sinn af öllum eftirlitsmönnum. Hér að neðan má sjá nokkrar töflur sem sýna niðurstöður.

Dómarapar	Staða	Frammistaða				Einstakir þættir																		
		Stig eftirlitsmanna	Fjöldi leikja	Röð	Í lagi?	Háttvisi og hlutleysi	Leiðtogaþæflei	Persónuleiki	Hvatning/sjálfsþagnýni	Bendingar/hreyfingar	Samvinna dómara	Samvinna við borðl	Andúmsloft	Óþróttamannleg framkoma	Samræmi í dómum	Persónubundnar refsingar	Barátta línu- og varnarleikmanna	Geta til að lesa leikinn	Leikleysa	Sóknarbot	Vítaköst, samræmi	Skref	Framkvæmd kasta	Tæknileg útfærsla leikreglna
Allir leikir						3,4	3,3	3,4	3,3	3,2	3,5	3,5	3,4	3,4	3,2	3,1	3,2	3,4	3,6	3,5	3,4	3,0	3,4	3,4
1		6,01	20	1		3,6	4,5	4,6	3,9	4,2	4,2	4,0	3,8	3,9	3,8	3,5	3,7	4,2	4,2	3,8	4,0	3,5	4,1	4,2
2		5,32	12	3		3,5	3,5	3,6	3,4	3,3	3,5	3,4	3,5	3,5	3,3	3,2	3,4	3,3	3,5	3,6	3,7	2,9	3,6	3,3
3		5,63	19	2		3,4	3,8	3,8	3,7	3,8	3,8	3,7	3,4	3,5	3,6	3,3	3,3	3,7	3,4	3,7	3,5	3,2	3,9	3,7
4		5,25	19	6		3,5	3,8	3,9	3,5	3,3	3,6	3,7	3,5	3,6	3,4	3,4	3,5	3,8	3,5	3,6	3,7	3,1	3,6	3,6
5		5,26	16	5		3,4	2,9	3,3	3,3	3,4	3,6	3,9	3,1	3,3	3,1	2,9	3,0	3,6	3,9	3,6	3,5	3,1	3,4	3,4
6		5,29	17	4		3,5	3,8	3,7	3,6	3,4	3,7	3,8	3,6	3,6	3,4	3,1	3,3	3,8	3,9	3,6	3,5	3,2	3,7	3,6
7		3,63	4	13		3,0	2,6	2,4	2,3	1,9	3,0	3,0	3,3	3,3	2,5	2,3	2,5	3,3	3,3	3,3	3,0	3,0	3,0	3,0
8		4,41	5	12		3,2	3,0	3,0	2,9	3,3	3,4	3,0	3,0	3,4	2,2	3,0	3,4	2,8	3,0	3,2	3,0	2,6	3,2	2,8
9		4,82	11	9		3,1	3,0	3,2	3,4	3,2	3,5	3,6	3,4	3,3	3,4	2,8	3,0	3,2	3,6	3,4	3,4	2,8	3,3	3,1
10		5,10	12	8		3,4	3,3	3,3	3,3	2,9	3,5	3,7	3,6	3,2	3,6	3,2	3,3	3,1	3,6	3,6	3,3	3,0	3,4	3,3
11		-	-	-																				
12		4,57	6	10		3,2	2,8	3,0	3,2	3,0	3,0	2,8	3,0	3,2	2,8	3,0	3,0	3,0	3,7	3,0	3,3	2,8	3,0	3,0
13		4,55	3	11		3,0	2,5	2,5	3,3	2,7	3,5	3,3	3,3	3,0	3,3	3,0	3,3	3,3	3,7	3,0	2,7	3,0	3,0	3,7
14		-	-	-																				
Split -		5,23	10	7		3,9	3,6	3,4	3,4	3,5	3,5	3,7	3,4	3,5	3,6	3,2	3,4	3,6	3,2	3,9	3,7	3,4	3,7	3,6

Frammistaða einstakra para (nafnlaust):

		Dómararnir bættu á erfiðleikastig leiksins	Léttur	Meðal	Yfir meðallagi	Erfiður	Mjög erfiður
		0,90	1,00	1,05	1,10	1,15	1,20
7	Frábær		7,00	7,35	7,70	8,05	8,40
6	Mjög góð		6,00	6,30	6,60	6,90	7,20
5	Góð		5,00	5,25	5,50	5,75	6,00
4	Viðunandi	3,60	4,00	4,20	4,40	4,60	4,80
3	Tæplega viðunandi	2,70	3,00	3,15	3,30	3,45	3,60
2	Næstum óviðunandi	1,80	2,00	2,10	2,20	2,30	2,40
1	Óviðunandi	0,90	1,00	1,05	1,10	1,15	1,20

Viðmið við einkunnargjöf eftirlitsmanna:

Dómarapar	Staða	Úrvalsd. karla (UDK)				Úrvalsd. kvenna (UDV)				1. d. karla (1DK)				Úrsl.k. karla (UKK)				Úrsl.k. kvenna (UKV)				Annað (ANN)			
		Stig eftirlits- manna	Fjöldi leikja	Röð	OK?	Stig eftirlits- manna	Fjöldi leikja	Röð	OK?	Stig eftirlits- manna	Fjöldi leikja	Röð	OK?	Stig eftirlits- manna	Fjöldi leikja	Röð	OK?	Stig eftirlits- manna	Fjöldi leikja	Röð	OK?	Stig eftirlits- manna	Fjöldi leikja	Röð	OK?
1		5,50	8	1	●	6,30	2	1	●					7,30	2	1	●					6,13	8	2	●
2		5,48	6	2	●	4,20	1	10	●									5,50	1	3	●	5,31	4	5	●
3		5,42	10	3	●	5,25	1	5	●	6,60	1	1	●	5,25	1	5	●	6,60	1	1	●	5,83	5	4	●
4		5,16	8	5	●	6,30	1	1	●	5,25	1	3	●	5,63	2	4	●					5,09	7	9	●
5		4,95	9	9	●	5,92	3	3	●					4,20	1	7	●					5,88	3	3	●
6		5,06	10	7	●	5,63	2	4	●	6,30	1	2	●	5,75	1	2	●	5,50	1	3	●	5,25	2	6	●
7						3,68	2	12	●	3,58	2	8	●												
8						4,20	1	10	●	4,20	3	7	●									5,25	1	6	●
9		4,50	2	10	●	5,19	4	6	●	4,55	3	5	●	4,40	1	6	●	5,25	1	5	●				
10		4,98	3	8	●	4,73	2	9	●	4,88	5	4	●	5,75	1	2	●					6,60	1	1	●
11																									
12						5,00	1	7	●	4,50	4	6	●									4,40	1	10	●
13		5,25	1	4	●																	4,20	2	11	●
14																									
Split	-	5,08	6	6	●	5,00	1	7	●									6,30	1	2	●	5,25	2	6	●
Meðaltal:		5,14	6,3			5,11	1,8			4,98	2,5			5,47	1,3			5,83	1,0			5,38	3,3		

Frammistaða einstakra para (nafnlaust) eftir deildum:

Eftirlitsmenn		Frammistaða				Einstakir matspættir																		
		Stig	Leikir	Röð	OK?	Háttvísi og hlutleysi	Leiftoga-hæfileiki	Persónuleiki	Heafning / sjálfsgagnyni	Bendingar / hræfingar	Samvænna dómara	Samvænna við borðið	Andrúmsleift	Óþróttamannsleg framkoma	Samræmi í dómum	Persónubundnar refsingar	Baráttu línu- og varnarsleikmenn	Geta til að lesa leikinn	Leikleysi	Sólarbrot	Víðaleik, samræmi	Skef	Frankvæmd	kasta
Allir leikir						3,5	3,5	3,6	3,4	3,4	3,7	3,6	3,4	3,5	3,3	3,2	3,2	3,6	3,7	3,6	3,5	3,2	3,6	3,5
AÖ	Aðalsteinn Örnólfsson	5,79	8	1		3,5	3,6	3,5	3,4	3,8	4,0	3,9	3,6	3,8	3,8	3,5	3,4	4,3	4,3	3,8	3,9	4,1	4,1	3,6
ES	Einar Sveinsson	5,61	19	2		3,3	3,7	3,6	3,2	3,8	3,7	3,5	3,6	3,7	3,5	3,4	3,2	3,7	3,7	3,7	3,7	3,1	3,8	3,6
GLS	Guðjón L. Sigurðsson	5,03	27	6		3,6	3,6	3,8	3,6	3,2	3,4	3,5	3,7	3,7	3,4	3,2	3,4	3,7	3,8	3,7	3,7	3,3	3,7	3,7
GKG	Gunnar K. Gunnarsson	5,51	11	3		4,0	3,8	3,8	3,5	3,7	4,0	4,3	3,3	3,7	3,5	3,4	3,4	4,0	3,8	3,7	3,8	3,5	3,5	3,6
KH	Kristján Halldórsson	5,37	41	4		3,0	3,6	3,6	3,5	3,4	3,8	3,8	3,3	3,2	3,6	3,2	3,7	3,5	3,7	3,5	3,5	2,9	3,5	3,4
ÖÖH	Ólafur Örn Haraldsson	5,01	18	7		3,7	3,6	3,5	3,5	3,3	3,6	3,6	3,4	3,3	3,3	2,9	2,9	3,4	3,1	3,8	3,6	3,2	3,9	3,7
VÖ	Valgeir Ómarsson	4,92	23	8		3,7	3,3	3,6	3,5	3,3	3,3	3,4	3,2	3,4	3,0	2,9	3,0	3,4	3,5	3,3	3,3	2,8	3,3	3,3
ÞK	Ýmsir	5,16	7	5		3,4	2,9	3,1	3,1	3,1	3,3	3,3	3,3	3,3	2,7	2,7	2,9	3,0	3,7	3,6	2,7	2,9	2,9	3,3

Meðaltal einkunnargjafar eftirlitsmanna.

Í vetur var í fjórða sinn beitt viðurlögum þegar félög útveguðu ekki réttindadómara á leiki í 3. flokki og ef þau gátu ekki tilkynnt C-stigs dómara með þátttökutilkynningum í meistaraflokki. Hér að neðan má sjá yfirlit yfir sektir hjá félögunum;

	Meistaraflokkar	Yngri flokkar	Samtals
Afturelding	- kr.	18.000 kr.	18.000 kr.
Akureyri	160.000 kr.	- kr.	160.000 kr.
FH	50.000 kr.	25.500 kr.	75.500 kr.
Fjölnir	- kr.	7.500 kr.	7.500 kr.
Fram	- kr.	22.500 kr.	22.500 kr.
Fylkir	50.000 kr.	4.500 kr.	54.500 kr.
Gróttá	170.000 kr.	18.000 kr.	188.000 kr.
Hamramir	70.000 kr.	- kr.	70.000 kr.
Haukar	130.000 kr.	34.500 kr.	164.500 kr.
HK	260.000 kr.	58.500 kr.	318.500 kr.
ÍBV	130.000 kr.	37.500 kr.	167.500 kr.
ÍH	140.000 kr.	- kr.	140.000 kr.
ÍR	180.000 kr.	3.000 kr.	183.000 kr.
KA/Þór	100.000 kr.	4.500 kr.	104.500 kr.
KR	70.000 kr.	- kr.	70.000 kr.
Mílan	140.000 kr.	- kr.	140.000 kr.
Selfoss	120.000 kr.	- kr.	120.000 kr.
Stjarnan	260.000 kr.	16.500 kr.	276.500 kr.
Valur	260.000 kr.	88.500 kr.	348.500 kr.
Víkingur	- kr.	30.000 kr.	30.000 kr.
Þróttur	140.000 kr.	28.500 kr.	168.500 kr.
	2.430.000 kr.	397.500 kr.	2.827.500 kr.

Listi yfir sektargreiðslur félaga vegna dómaraskorts.

Ljóst er að ef félög líta á sektargreiðslur sem betri útgönguleið heldur en að útvega dómara þarf að hækka þær verulega því þetta er að verða stærra og stærra vandamál.

Fjögur A-stigs námskeið voru haldin hjá þremur félögum á mánudögum samkvæmt beiðni félaganna þar sem útskrifaðir voru 78 A-stigs dómara. Þetta eru talsvert færri námskeið heldur en voru haldin síðustu tímabil þar á undan og má gera ráð fyrir að það sé komin ákveðin mettur hjá félögunum, sem er gott mál.

Þrjú B-stigs námskeið voru haldin, eitt sameiginlegt á ÍSÍ þar sem 24 mættu og síðan héldu FH og Fram sitt hvort námskeiðið. Samtals útskrifuðust 72 B-stigs dómara.

Engir nýir C-stigs deildardómarar voru útskrifaðir í ár þrátt fyrir margar tilraunir til að halda slíkt námskeið.

Margrét Berg Theodórsdóttir og Arna Garðarsdóttir hafa borið hitann og þungan af fræðslunámskeiðum dómaranefndar auk þess sem Guðjón L. sá um tvö B-stigs námskeið. Án Margrétar og Örnú hefði ekki verið hægt að halda úti svo öflugri fræðslu og er þeim sérstaklega þakkað frábært framlag.

Dómaratengiliðir voru virkjaðir aftur í vetur og hér að neðan má sjá lista yfir þá sem voru tilkynntir frá félögunum;

<i><u>Dómaratengiliðir tímabilið 2014-2015</u></i>		
Nafn	Félag	Netfang
Þórarinn Þórarinsson	FH	totidengsa@gmail.com
Arnór Ásgeirsson	Fjölur	asgeirsson.arnor@gmail.com
Kristján Gaukur Kristjánsson	Fjölur	gaukur@wise.is
Ingvar Guðjónsson	Fram	ingvarg@ingvarg.com
Margrét E. Hjartardóttir	Fylkir	Margret.Hjartardottir@rb.is
Hjalti Hreinsson	Hamrarnir	hjaltihreinsson@gmail.com
Guðjón Ág. Sigurðsson	Haukar	gudjon@nyform.is
Milena Medic	HKR	milena_10xy@hotmail.com
Jón Gunnlaugur Viggósson	ÍBV	gulli@ibv.is
Karl Haraldsson	ÍBV	haraldsson.karl@gmail.com
Kristín Aðalsteindóttir	ÍR	kristin.adalstein@gmail.com
Sævar Árnason	KA / KA/Þór	saevara@akmennt.is
Þorsteinn Rúnar	Selfoss	thorsteinn@bonus.is
Ragnheiður Stephensen	Stjarnan	rs@gardaskoli.is
Alexander Örn Júlíusson	Valur	alexander@valur.is
Sæþór Fannberg	Víkingur	saethorf@gmail.com
Jónas Halldór Friðriksson	Völsungur	volsungur@volsungur.is
Þórður G. Einarsson	Þróttur	broi@samhentir.is
Erik Snær Elfsson	Afturelding	erik.snaer@hotmail.com

Dómarar og eftirlitsmenn EHF hafa verið á ferð og flugi í vetur þar sem þeim hefur verið úthlutað fjölda mjög góðra verkefna.

Anton og Jónas hafa fengið mörg verkefni í EHF Meistaradeild karla í vetur og fara til Katar í lok maí til að dæma í úrslitakeppninni þar.

Arnar og Svavar hafa verið á ferð og flugi í vetur á vegum EHF og dæma í Katar í apríl í undanúrslitakeppninni.

Ingvar Guðjónsson hefur dæmt með Eydun Samuelsen frá Færeyjum í Evrópukeppninni síðastliðinn tvö tímabil og hafa þeir fengið fjölda verkefna.

Bjarki og Gunnar Óli dæmdu dæmdu „Final Four“ í Skotlandi í maí 2014 og fóru síðan á YRP-námskeið í Tyrklandi síðastliðið sumar.

Einn nýr eftirlitsmaður bættist í hópinn í vetur, Aðalsteinn Örnólfsson, og bjóðum við hann velkominn til starfa. Þorlákur Kjartansson tók sér frí í vetur og Helga Magnúsdóttir ákvað að hætta. Helgu er færðar þakkir fyrir frábært og óeigingjarnt starf til margra ára.

Dómaranefnd hélt nokkra fundi sem starfsmaður HSÍ, Róbert Gíslason, sat og skráði. Hallur Hallsson gaf ekki kost á sér til áframhaldandi starfa og eru honum færðar þakkir fyrir sitt framlag þessi tvö ár sem hann starfaði. Nýr nefndarmaður er Hörður Geirsson sem kemur frá Haukum og hefur hann lyft grettistaki í uppbyggingu gagnagrunns fyrir frammistöðumat dómara auk þess að skipuleggja störf dómaratengiliða.

Kristján Halldórsson var dómaranefnd innan handar við að fylgjast með líkamlegu atgervi dómara fimmta árið í röð og skilaði það sér í besta líkamlega atgervi dómara frá upphafi. Róbert Gíslason hefur veitt ómetanlega aðstoð við boðun dómara og ut anumhald við rekstur dómaramála. Dómaranefnd færir þeim félögum þakkir fyrir frábært framlag.

Dómaranefnd HSÍ 2014-2015:

Guðjón L. Sigurðsson, formaður

Arna Garðarsdóttir

Hörðu Geirsson

Margrét B. Theodórsdóttir

Valgeir Ómarsson

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir

EHF/IHF dómarar:

Anton Gylfi Pálsson – Jónas Elíasson

Arnar Sigurjónsson – Svavar Pétursson

EHF dómarar:

Ingvar Guðjónsson

EHF Candidates.

Enginn

EHF Young Referee Project (YRP)

Bjarki Bóasson – Gunnar Óli Gústafsson

Eftirlitsmenn EHF

Gunnar K. Gunnarsson

Guðjón L. Sigurðsson

Kristján Halldórsson

Ólafur Örn Haraldsson

Eftirlitsmenn HSÍ

Aðalsteinn Örnólfsson

Einar Sveinsson

Valgeir Ómarsson

Guðjón L. Sigurðsson (sign) formaður

SKÝRSLA FRÆÐSLU- OG ÚTBREIÐSLUNEFNDAR HSÍ

Starf fræðslunefndar hefur verið frekar máttlítið þetta tímabilið. Nefndin var skipuð sömu aðilum og síðastliðin ár og gengur illa að fá fólk til starfa. Líklega hafa allir nóg á sinni könnu enda tiltölulega fámennur hópur fólks sem tilbúinn er til að eyða enn meiri tíma í vanþakklátt sjálfboðaliðastarf.

Árni Stefánsson hætti störfum í ágúst sl. og eru honum þökkud góð störf í þágu nefndarinnar. Einnig flutti Aron Kristjánsson landsliðsþjálfari til Danmerkur. Við brotthvarf þeirra datt botninn úr starfi nefndarinnar sem komin var á ágætt ról. Það er ljóst að málaflokkur innan HSÍ, eins og fræðslu- og útbreiðslumál, hefur verið látinn sitja á hakanum í fjöldamörg ár, að undanskildum sl. tveimur árum. Nú er svo komið að ekki má lengur við sitja. Við verðum að gefa fræðslumálum miklu betri gaum. Það eru því gleðitíðindi, að viðræður hafa átt sér stað milli Háskólans í Reykjavík og HSÍ um aðkomu háskólans að fræðslumálum sambandsins. Ef þessi plön ganga eftir mun bóklegi hluti námskeiðanna vera í höndum sérfræðinga háskólans, hvers á sínu sviði. Við þetta munu gæði námskeiðana aukast, sem aftur skilar sér í auknum gæðum inn í starf félagana. Ljóst er að námskeiðsgjaldið mun hækka við þetta fyrirkomulag en þjálfarar verða að gera sér ljóst að þeir eru að fjárfesta í menntun sinni og bæta þar með atvinnumöguleika sína.

Undirritaður fór á ráðstefnu í Vínarborg á vegum EHF þar sem saman voru komnir aðilar frá aðildarlöndum RINCK, samevrópska þjálfunarkerfisins sem Ísland er aðili að. Þar kom fram að önnur lönd líta öfundaraugum til Íslands og velta því fyrir sér hvernig standi á því að svo margir toppþjálfarar komi frá Íslandi. Það er að sjálfsögðu ekki eitt rétt svar við þeirri spurningu en þó er ljóst að við lifum ekki á því orðspori lengi með hendur í skauti. Núna er tækifærið fyrir okkur að nýta sviðið og halda vörumerkinu „Íslenski þjálfarinn“ á lofti.

Ólafur Stefánsson hefur verið ráðinn í þjálfarateymi HSÍ. Hlutverk hans er að halda utanum efnilegasta fólkið okkar undir 21 árs aldri. Markmiðið er að kenna þessum einstaklingum að hugsa eins og atvinnumenn í sem víðustum skilningi þess orðs.

Ef allt gengur eftir verða í framtíðinni fjöldamörg tækifæri fyrir íslenska þjálfara að hasla sér völl á erlendri grundu og þannig viðhalda orðsperi íslenskra þjálfara.

Það er margt bjart í kortunum í fræðslumálunum en af fenginni reynslu er vissara að fagna ekki fyrr en leikurinn er búinn!

F.h. Fræðslu og útbreiðslunefndar
Gunnar Örn Erlingsson

SKÝRSLA AGANEFNDAR HSÍ

Í aganefnd sátu á starfsárinu eftirtaldir:

Gunnar K. Gunnarsson, formaður
Vala Valtýsdóttir, lögfræðingur
Einar Sveinsson
Til vara:
Þorsteinn Einarsson

Á starfsárinu fram til 22. apríl hélt aganefnd 24 bókaða fundi og tók fyrir 60 mál sem henni voru send. Öll mál voru afgreidd. Hér er um talsverða fjölgun að ræða milli ára. Enn koma upp of mörg mál vegna framkomu leikmanna í yngri flokkum og er það hlutur sem aganefnd telur að aðildafélög HSÍ hvert og eitt þurfi að fara yfir hjá sér.

Aganefnd fjallar fyrst og fremst um brot vegna rauðra spjalda með skýrslu en einnig um rautt spjald við 3ju ítrekun eða fleiri, sem og mál sem til hennar er vísað af stjórn HSÍ eða framkvæmdastjóra.

Gunnar K. Gunnarsson
Formaður.

11. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga. Reikningar lagðir fram til samþykktar.

Ásta Óskarsdóttir gjaldkeri sambandsins tók til máls. Hún gerði grein fyrir ársreikningum, staðfestum af formanni, varaformanni, gjaldkera og framkvæmdastjóra og yfirförnum af skoðunarmönnum og endurskoðendum hjá Fjárstoð ehf.

HSÍ

Ársreikningur

2014

Handknattleikssamband Íslands
Engjavegi 6
104 Reykjavík
kt. 590169-4049

HSÍ

Ársreikningur

2014

Efnisyfirlit

Áritun endurskoðanda og skoðunarmanna	2
Skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um sjóðstreymi	6
Skýringar	7-8

Áritun endurskoðanda

Til stjórnar HSÍ

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings fyrir HSÍ vegna ársins 2014. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðsstreymi og skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við viðurkenndar aðferðir á Íslandi við gerð óendurskoðaðra ársreikninga með það að markmiði að aðstoða HSÍ við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum. Við höfum tekið ákveðna liði ársreikningsins til sérstakrar skoðunar og yfirfarið framsetningu hans í heild.

Við höfum ekki endurskoðað ársreikninginn og þar af leiðandi ekki sannreynt grundvöll hans.

Framsetning ársreikningsins er í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur á Íslandi og allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli koma þar fram.

Reykjavík 14. apríl 2015

Fjárfstöð ehf

Áritun skoðunarmanna

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Handknattleikssambands Íslands höfum yfirfarið meðfylgjandi ársreikning sem áritaður er af Fjárfstöð ehf. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórn sambandsins og ber hún ábyrgð á honum í samræmi við starfskyldur hennar.

Við könnunina kom ekkert það fram sem bendir til annars en reikningsskilin séu í samræmi við lög og reglur sem um starfseminna gilda.

Reykjavík 14. apríl 2015.

Guðmundur Þ. Frimannsson

Jón Gestur Viggósson

Skýrsla stjórnar

Hagnaður HSÍ á árinu 2014 nam kr. 784.996 Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 55.506.593, bókfært eigið fé í árslok er kr 6.492.721.

Að álit stjórnar og framkvæmdastjóra HSÍ koma fram í árshlutareikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og framkvæmdastjóri HSÍ staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2014 með undirritun sinni.

Reykjavík, 10. apríl 2015

I stjórn




stjórnarformaður

nafn

Asta Óskarsdóttir

nafn



nafn

nafn

Framkvæmdastjóri



nafn

Rekstrarreikningur 2014

	Skýr.	2014	2013
Styrkir ÍSÍ og Lottó		47.942.963	39.977.611
Aðrir styrkaraðilar		115.492.391	109.129.775
Tekjur af landsleikjum		21.922.534	19.035.973
Íslandsmót		19.320.108	12.623.196
Aðrar tekjur		13.549.196	11.630.851
Rekstrartekjur alls:		218.227.192	192.397.406
Kostnaður landsliða		(103.297.363)	(86.622.182)
Laun og launatengd gjöld		(40.226.898)	(41.173.886)
Verktakagreiðslur		(15.769.130)	(11.200.399)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(12.994.668)	(13.517.859)
Annar rekstrarkostnaður		(9.598.687)	(7.963.123)
Mótakostnaður		(33.353.661)	(41.892.354)
Rekstrargjöld alls:		(215.240.407)	(202.369.803)
Rekstrarhagnaður (-tap) fyrir skatta		2.986.785	(9.972.397)
Fjármunatekjur	2	61.191	130.211
Fjármagnsgjöld	3	(2.262.980)	(1.931.825)
Hagnaður (tap) ársins		784.996	(11.774.011)

Efnahagsreikningur 31.12.14

Eignir	Skýr.	31.12.2014	31.12.2013
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	4	3.673.924	4.774.749
		<u>3.673.924</u>	<u>4.774.749</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	4	45.732.077	33.192.015
Aðrar skammtímakröfur	4	6.014.057	8.485.084
Handbært fé	4	86.535	646.984
		<u>51.832.669</u>	<u>42.324.083</u>
Eignir		<u>55.506.593</u>	<u>47.098.832</u>
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	6	6.492.721	5.707.725
Eigið fé		<u>6.492.721</u>	<u>5.707.725</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	6	41.025.814	31.732.340
Ógreidd laun og launatengd gjöld		3.251.286	4.327.805
Yfirdráttur bankareikninga		4.736.772	4.137.730
Aðrar skammtímaskuldir	6	0	1.193.232
		<u>49.013.872</u>	<u>41.391.107</u>
Skuldir		<u>49.013.872</u>	<u>41.391.107</u>
Eigið fé og skuldir		<u>55.506.593</u>	<u>47.098.832</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2014

	Skýr.	2014	2013
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður (-tap) fyrir skatta		2.986.785	(9.972.397)
Afskriftir		1.100.825	729.375
Veltufé frá (til) rekstrar án vaxta og skatta		4.087.610	(9.243.022)
Rekstrartengdar eignir, lækkun (hækkun)		(10.069.035)	9.286.516
Rekstrartengdar skuldir, hækkun		7.622.765	5.575.016
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		1.641.340	5.618.510
Innborgaðir vextir og arður		61.191	130.211
Greiddir vextir		(2.262.980)	(1.931.825)
Handbært fé (til), frá rekstri		(560.449)	3.816.896
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir	4	0	(3.172.679)
		0	(3.172.679)
Fjármögnunarahreyfingar			
		0	0
(Lækkun), hækkun handbærs fjár		(560.449)	644.217
Handbært fé í upphafi árs		646.984	2.767
Handbært fé í lok árs		86.535	646.984

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

2. Fjármunatekjur

	2014	2013
Vaxtatekjur af bankareikningum	61.191	88.547
Gengishagnaður	0	41.664
	<u>61.191</u>	<u>130.211</u>

3. Fjármagnsgjöld

	2014	2013
Vaxtagjöld af skammtímaskuldum við lánastofnanir	(1.111.145)	(397.999)
Gengistap	(34.342)	(203.623)
Dráttarvaxtagjöld	(1.113.039)	(1.319.984)
Önnur vaxtagjöld	(4.454)	(10.219)
	<u>(2.262.980)</u>	<u>(1.931.825)</u>

Skýringar

4. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur

	31.12.2014	31.12.2013
Innlendar viðskiptakröfur	52.728.807	39.742.015
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast	(6.996.730)	(6.550.000)
	<u>45.732.077</u>	<u>33.192.015</u>

Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2014	31.12.2013
Virðisaukaskattur	429.449	0
Fyrirframgreiddur kostnaður	5.584.608	7.813.563
Fyrirfram tekjufærðir styrkir	0	671.521
	<u>6.014.057</u>	<u>8.485.084</u>

Handbært fé

	31.12.2014	31.12.2013
Bankainnistæður í íslenskum krónum	1.344	646.255
Bankainnistæður í erlendra mynt	85.191	729
	<u>86.535</u>	<u>646.984</u>

5. Eigið fé

	Óráðstafað eigið fé
Eigið fé í ársbyrjun	5.707.725
Hagnaður/tap ársins	784.996
Eigið fé í árslok	<u>6.492.721</u>

6. Aðrar peningalegar skuldir

Viðskiptaskuldir

	31.12.2014	31.12.2013
Innlendar viðskiptaskuldir	41.025.814	31.732.340
	<u>41.025.814</u>	<u>31.732.340</u>

Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2014	31.12.2013
Virðisaukaskattur	0	1.015.663
Aðrar skuldir	0	177.569
	<u>0</u>	<u>1.193.232</u>

Sundurliðanir

	2014	2013
ÍSI og Lottó		
ÍSI Afreksmannasjóður	23.500.000	20.000.000
ÍSI Útbreiðslustyrkur	2.639.924	2.525.967
ÍSI Aðrir styrkir	7.152.432	3.103.995
ÍSI Lottó	14.650.607	14.347.649
	<u>47.942.963</u>	<u>39.977.611</u>
Aðrir styrkaraðilar		
Ýmsir styrkir	28.550.105	17.557.860
Fastir styrkir	86.320.786	89.785.915
Safnanir vegna stórmóta	1.500	930.000
Þáttökugjöld	620.000	856.000
	<u>115.492.391</u>	<u>109.129.775</u>
Tekjur af landsleikjum		
Auglýsingatekjur landsleikir	12.307.240	6.638.365
Aðgangseyrir	9.177.469	11.875.908
Sjoppa landsleikir	437.825	521.700
	<u>21.922.534</u>	<u>19.035.973</u>
Islandsmót		
Mótagjöld	11.659.289	9.031.796
Sektir	6.454.819	2.398.900
Leikskýrslugerð	361.000	341.000
Úrslitagjald	845.000	851.500
	<u>19.320.108</u>	<u>12.623.196</u>
Aðrar tekjur		
Ýmsar tekjur	655.482	2.934.817
Sjoppa bikar	3.482.179	0
Námskeið	0	890.000
Ferðastyrkir	3.457.143	0
Félagsskipti milli landa	4.638.392	6.563.534
Félagsskipti innanlands	1.316.000	1.242.500
	<u>13.549.196</u>	<u>11.630.851</u>

Sundurliðanir

	2014	2013
Laun og launatengd gjöld		
Vinnulaun	31.014.931	32.671.145
Bífreiðastyrkir	1.890.000	2.160.000
Dagpeningar	462.340	79.483
Tryggingagjald	3.318.454	2.901.344
Lífeyrissjóður	3.092.283	2.897.487
Sjúkra- og orlofsheimilásjóður	408.568	421.957
Aðrir sjóðir	40.322	42.470
	<u>40.226.898</u>	<u>41.173.886</u>
Verktakagreiðslur		
Verktakagreiðslur starfsmanna	3.310.000	850.000
Verktakagreiðslur þjálfara	7.688.560	7.127.375
Verktakagreiðslur leikmanna	105.000	0
Sérfræðikostnaður	3.699.959	2.649.710
Aðrar verktakagreiðslur	965.611	573.314
	<u>15.769.130</u>	<u>11.200.399</u>
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		
Rekstur bífreiðar v/skrifstofu	1.371.394	1.031.129
Húsaleiga v/skrifstofu	806.754	1.613.508
Rekstur upplýsingakerfis og hugbúnaðarþjónusta	4.617.050	2.014.813
Sími	1.772.349	2.694.058
Burðargjöld	78.174	104.087
Pappír, prentun og ritföng	336.925	991.483
Skrifstofutæki og áhöld	554.466	42.481
Fundir og ráðstefnur	989.180	1.154.433
Gjafir og styrkir	375.502	60.489
Risna	874.231	1.643.434
Tryggingar	1.155.439	1.840.710
Annar kostnaður	63.204	327.234
Annar kostnaður	0	0
	<u>12.994.668</u>	<u>13.517.859</u>
Annar rekstrarkostnaður		
Sjoppa	562.730	1.025.845
Þjónustugjöld bankar og kortafyrirtæki	811.761	225.327
Kostnaður miði.is	684.225	493.052
Lokahóf	927.140	973.893
Saga HSÍ	250.000	322.000
Kostnaður vegna safnana	166.326	0
Afmælisrit og afmælishóf	15.000	110.386
Ferðakostnaður	459.933	439.659
Íþróttáhöld	301.008	944.093
Fræðslu- og nefndarkostnaður	3.995.487	2.379.131
Afskriftir	1.100.825	729.375
Ýmis kostnaður	324.252	320.362
	<u>9.598.687</u>	<u>7.963.123</u>
Mótakostnaður		
Kostnaður Íslandsmóts	18.174.689	18.521.737
Annar móthaldskostnaður	15.178.972	23.370.617
	<u>33.353.661</u>	<u>41.892.354</u>

Sundurliðanir

	2014	2013
Þáttaka í mótum		
A landslið karla		
Flug	43.285.542	20.344.871
Annar ferðakostnaður	1.018.074	1.689.355
Gisting	1.901.200	5.199.798
Gisting erlendis	526.431	3.281.324
Gisting án vsk	1.865.337	155.441
Fæði innanlands án vsk	2.889.508	2.830.790
Fæði erlendis	114.353	284.616
Bílaleigubílar	280.495	286.176
Akstur	935.794	1.847.664
Sími	5.546	0
Búningar	765.012	319.420
Prentun á búninga	0	77.685
Þvottur	134.933	202.012
Harpix og sjúkravörur	589.176	700.873
Sjúkrakostnaður	2.393.224	2.288.430
Húsaleiga	1.954.032	2.437.180
Myndbönd og spólur	105.268	5.607
Gjafir og viðurkenningar	17.880	204.160
Dagpeningar	4.187.268	5.501.930
Auglýsingar án vsk	15.812	0
Auglýsingar m. vsk	35.000	0
Annar kostnaður	1.609.662	1.569.726
Annar þáttökukostnaður	1.910.664	2.464.626
	<u>66.540.211</u>	<u>51.691.684</u>
A landslið kvenna		
Flug	13.600.539	10.370.327
Annar ferðakostnaður	383.171	220.135
Gisting	381.702	1.470.770
Gisting erlendis	512.448	303.941
Gisting án vsk	371.000	364.751
Fæði innanlands án vsk	1.495.562	2.993.839
Fæði erlendis	0	4.491
Bílaleigubílar	0	50.056
Akstur	343.890	184.695
Búningar	0	336.913
Prentun á búninga	9.162	0
Þvottur	1.575	18.809
Harpix og sjúkravörur	124.021	125.463
Sjúkrakostnaður	1.195.227	1.861.332
Húsaleiga	60.000	60.250
Myndbönd og spólur	75.267	0
Dagpeningar	2.753.932	1.715.432
Auglýsingar m. vsk	30.657	0
Auglýsingar án vsk	27.000	0
Annar kostnaður	410.771	380.716
Annar þáttökukostnaður		651.693
	<u>21.775.924</u>	<u>21.113.613</u>

Sundurliðanir

	2014	2013
Yngri landslið karla		
Flug	2.803.023	5.777.207
Gisting erlendis	7.010.975	1.928.754
Annar ferðakostnaður	20.000	22.657
Fæði erlendis	65.250	61.431
Bílaleigubílar	30.000	5.600
Akstur	197.976	464.120
Þvottur	32.695	0
Harpix og sjúkravörur	0	12.750
Sjúkrakostnaður	389.539	143.636
Húsaleiga	0	37.000
Dagpeningar	669.759	507.578
Annar kostnaður	33.000	25.000
Endurgreiddur ferðakostnaður	(6.414.245)	(2.401.871)
Annar þáttökukostnaður	183.195	0
	<u>5.021.167</u>	<u>6.583.862</u>
Yngri landslið kvenna		
Flug	2.934.914	3.044.522
Gisting	0	756.000
Gisting erlendis	2.655.532	485.141
Annar ferðakostnaður	139.584	0
Fæði innanlands án vsk	1.580.636	196.241
Akstur	740.800	621.384
Sjúkrakostnaður	346.000	0
Húsaleiga	0	16.500
Dagpeningar	197.185	155.587
Annar kostnaður	1.790	0
Endurgreiddur ferðakostnaður	(3.936.027)	(3.852.485)
Annar þáttökukostnaður	120.368	324.726
	<u>4.780.782</u>	<u>1.747.616</u>
Erlend landslið		
Flug	0	2.446.935
Gisting	2.912.399	1.975.732
Fæði innanlands án vsk	1.155.480	941.040
Akstur	1.011.400	121.700
Húsaleiga	100.000	0
	<u>5.179.279</u>	<u>5.485.407</u>

12. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga. Reikningar lagðir fram til samþykktar

Þingforseti óskaði eftir umræðum um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins.

Sævar Pétursson frá KA varpaði fram spurningu um innlendar viðskiptakröfur upp á tæpar 53 milljónir. Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ, svaraði því til að 17 af þessum tæplega 53 milljónum lægju hjá félögunum, um tíu milljónir eru styrkir frá Olympic Solidarity og IHF vegna HM og viðskiptakröfur að hluta til. Ásta bætti því við að þarna væri reikningur á RÚV upp á sex milljónir og reiknað væri með að yrði uppgerður fljótlega. Sævar þakkaði svarið en gat þess að honum þætti samtala útistandandi viðskiptakrafna mjög há.

Fleiri tóku ekki til máls.

Þingforseti bar reikninga sambandsins upp til samþykktar og voru þeir samþykktir samhljóða.

13. Stjórn HSÍ leggur fram fjárhagsáætlun HSÍ fyrir næsta starfsárs

Ásta Óskarsdóttir leggur fram fjárhagsáætlun næsta árs. Heildartekjur í rekstraráætlun næsta árs nema kr. 214.151.000.- og heildargjöld kr. 210.189.000.-. Fjármagnsgjöld eru áætluð kr.

2.085.000.- og hagnaður af rekstri sambandsins er því áætlaður tæpar 2 milljónir á næsta ári.

Fjárhagsáætlun vegna ársins 2015				
	Skýr.	2015 Áætlun	2014 Rauntölur	2014 Áætlun
REKSTRARTEKJUR				
Framlög og styrkir	1	54.500.000	47.942.963	37.400.000
Aðrir styrktaraðilar	2	116.200.000	115.492.391	114.200.000
Tekjur af landsleikum	3	17.000.000	21.922.534	16.000.000
Íslandsmót	4	15.951.000	19.320.108	12.151.000
Tekjur af mótum	5	10.500.000	13.549.196	7.300.000
Rekstrartekjur alls		214.151.000	218.227.192	187.051.000
REKSTRARGJÖLD				
Laun og verktakagreiðslur	6	59.140.733	55.996.028	57.905.661
Þátttaka í mótum	7	102.805.000	103.297.363	88.443.040
Kostnaður v. Mótahalds	8	28.500.000	33.969.127	19.800.000
Rekstur mannvirkja og gólf	9	1.100.000	892.471	3.000.000
Rekstur skrifstofu	10	11.283.204	12.187.914	10.100.000
Kynning, fræðsla og útbreiðsla	11	3.100.000	4.779.672	3.250.000
Kostnaður v. Samkeppnisreksturs	12	1.410.000	1.413.281	0
Annar kostnaður	13	1.750.000	2.003.901	0
Afskriftir v. Íþróttagólfs		1.100.825	1.100.825	0
Rekstrargjöld samtals		210.189.762	215.640.582	182.498.701
Hagnaður (tap) án fjármagnsliða		3.961.238	2.586.610	4.552.299
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD				
Vaxtatekjur	15	65.000	130.211	90.000
Vaxtagjöld	15	-900.000	-611.841	-400.000
Dráttarvextir	15	-1.250.000	-1.319.984	-1.000.000
		-2.085.000	-1.801.614	-1.310.000
Hagnaður (tap) tímabilsins		1.876.238	784.996	3.242.299

Fjárhagsáætlun er vísað til fjárghasnefnda

14. Tillögur um breytingar á lögum teknar til afgreiðslu



**58. Ársþing HSI haldið í Íþróttamiðstöðinni
Laugardal
22. apríl 2015
Þingskjal nr: 4**

Tillaga um Lög HSI
Flutningsaðili: Handknattleiksdeild FH

Var

51.gr. Handknattleiksmót

Deildaskipting skal vera eftirfarandi í meistaraflokki karla og kvenna

- a) 10 lið eða færri, ein deild, 3 umferðir.
- b) 11-13 lið, ein deild, 2 umferðir
- c) 14-24 lið, tvær deildir sem raðast í á eftirfarandi hátt.
 - a. 14 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 6 í 1. deild 4 umferðir.
 - b. 15 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 7 í 1. deild 3 umferðir.
 - c. 16 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 8 í 1. deild 3 umferðir.
 - d. 17 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 9 í 1. deild 3 umferðir.
 - e. 18 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 8 í 1. deild 3 umferðir.
 - f. 19 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 9 í 1. deild 3 umferðir.
 - g. 20 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 10 í 1. deild 3 umferðir
 - h. 21 lið 10 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 11 í 1. deild 2 umferðir.
 - i. 22 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 10 í 1. deild 3 umferðir.
 - j. 23 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 11 í 1. deild 2 umferðir.
 - k. 24 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 12 í 1. deild 2 umferðir.

Þar sem eru 3 umferðir raðar mótanefnd í 1. og 2. umferð skv. töfluröð og skal stjórn HSI ákveða röðun heimaleikja í 3. umferð með tilliti til stöðu liða í deild eftir 2 umferðir.

...

Verður

51.gr. Handknattleiksmót

Deildaskipting skal vera eftirfarandi í meistaraflokki karla og kvenna

- a) 10 lið eða færri, ein deild, **2** umferðir.
- b) 11-13 lið, ein deild, 2 umferðir
- c) 14-24 lið, tvær deildir sem raðast í á eftirfarandi hátt.
 - a. 14 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 6 í 1. deild 4 umferðir.
 - b. 15 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 7 í 1. deild 3 umferðir.
 - c. 16 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 8 í 1. deild 3 umferðir.
 - d. 17 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 9 í 1. deild 3 umferðir.
 - e. 18 lið 10 lið í úrvalsdeild **2** umferðir og 8 í 1. deild 3 umferðir.
 - f. 19 lið 10 lið í úrvalsdeild **2** umferðir og 9 í 1. deild 3 umferðir.
 - g. 20 lið 10 lið í úrvalsdeild **2** umferðir og 10 í 1. deild **2** umferðir
 - h. 21 lið 10 lið í úrvalsdeild **2** umferðir og 11 í 1. deild 2 umferðir.
 - i. 22 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 10 í 1. deild **2** umferðir.
 - j. 23 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 11 í 1. deild 2 umferðir.
 - k. 24 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 12 í 1. deild 2 umferðir.

Þar sem eru 3 umferðir raðar mótanefnd í 1. og 2. umferð skv. töfluröð og skal stjórn HSÍ ákveða röðun heimaleikja í 3. umferð með tilliti til stöðu liða í deild eftir 2 umferðir.

...

Greinargerð:

Greinargerð vegna tillaga Handknattleiksdeildar Fimleikafélags Hafnarfjarðar um fækkun umferða í Olísdeild karla úr þremur í tvær.

FH telur að þrjár umferðir í Olísdeild karla sé of mikið og leggjum við eftirfarandi því til grundvallar.

- a) Álag á leikmönnum er of mikið, margir leikmenn spila einnig í 2. flokki, sumir hverjir einnig í 3. flokki og er leikjaálag manna allt of mikið.
- b) Of mikið álag á sjálfboðaliðum, erfitt að fá fólk í svona marga leiki. Fólk gefur ekki tíma í svona mikið sjálfboðastarf og alltaf færri og færri sem koma og aðstoða. Erfitt að halda standard í umgjörð með 2-3 sjálfboðaliða að gera allt.
- c) Áhorfendum fækkar og fækkar, áhorfendur koma ekki á marga leiki í viku, allt of margir leikir fyrir almennann stuðningsmann að mæta á.
- d) Fjölmíðlar ná ekki að sinna svona mörgum leikjum, margir leikir ekki einu sinni auglýstir og umfjöllun um marga leiki engin.

e) Kostnaður vegna dómara/eftirlitsmenn mikill, sá kostnaður lækkar ef um tvær umferðir er að ræða.

f) Kostnaður vegna ferðalög er mikill, lækkar ef aðeins tvær umferðir.

g) Auðveldar liðum út á landi að spila um helgar þar sem ekki yrði spilað fimmtudagur-mánudagur.

h) Leikjafjöldi er sá sami og að spila 8 liða deild þar sem 8 liða úrslit eru spiluð í 10 liða deild.

i) Alltaf fastur leikdagur mjög áhorfendavænt,auðvelt auglýsa fimmtudag sem handboltadag - ALLTAF

Mfl karla 2015-16 10 liða deild tvöföld umferð

1 umferð 24 september fimmtudagur

2 umferð 1.okt fimmtudagur

3 umferð 8.okt fimmtudagur

4 umferð 15 október fimmtudagur

5 umferð 22 október fimmtudagur

Landsliðshlé 25 okt-1 nóv

32 liða bikar 5.nóv fimmtudagur

6 umferð 12 nóvember fimmtudagur

7 umferð 19 nóv fimmtudagur

8 umferð 26 nóvember fimmtudagur

9 umferð 3 desember fimmtudagur

10 umferð 10 desember fimmtudagur

16 liða bikar 17 desember fimmtudagur

Deildarbikar 28-29 desember

11 umferð 4.feb fimmtudagur

8 liða bikar 7-8 febrúar sunnud-mánud

12 umferð 11 febrúar fimmtudagur

13 umferð 18 febrúar fimmtudagur

Final 4 25-27 feb fimmtud-laugard

14 umferð 3 mars fimmtudagur

15 umferð 10 mars fimmtudagur

16 umferð 17 mars fimmtudagur

17 umferð 25 mars (Skírdagur)

18 umferð 31 mars fimmtudagur

8 liða úrslit óbreytt.

Tillögunni er vísað til Allsherjar- og laganefndar.



58. Ársþing HSI haldið í Íþróttamiðstöðinni Laugardal

22. apríl 2015

Þingskjal nr: 5

Tillaga um Lög HSI

Flutningsaðili: Stjórn HSI

Var

53.gr. Félagaskipti

Leikmönnum sem leika með meistaraflokki skal heimilt að ganga í lið hér á landi á tímabilinu frá 1. júní til 1. nóvember ár hvert og einnig frá 7. janúar til 1. febrúar ár hvert. Það sama skal gilda um leikmenn eldri en 17 ára sem ekki leika með meistaraflokki.

Leikmönnum 17 ára og yngri er heimilt að skipta um félag á tímabilinu 1. júní til 1. febrúar ár hvert

Félagi er heimilt fyrir 1.mars ár hvert að stytta tímabundin félagaskipti leikmanna sinna einhliða, svo framarlega sem lágmarkstíma sé náð. Nýti samningsfélag sér þessa heimild skal það gert með tilkynningu um félagaskipti. Leikmaður fær keppnisleyfi með samningsfélagi sínu að nýju 7 dögum eftir að tilkynningin er sannarlega móttækin af HSI.

Lágmarkstími tímabundinna félagaskipta er 1 mánuður og hámarkstími tímabundinna félagaskipta skal vera eitt keppnistímabil.

Verður

53.gr. Félagaskipti

Leikmönnum sem leika með meistaraflokki skal heimilt að ganga í lið hér á landi á tímabilinu frá 1. júní til 1. nóvember ár hvert og einnig frá 7. janúar til 1. febrúar ár hvert. Það sama skal gilda um leikmenn eldri en 17 ára sem ekki leika með meistaraflokki.

Leikmönnum 17 ára og yngri er heimilt að skipta um félag á tímabilinu 1. júní til 1. febrúar ár hvert.

Tímabundin félagaskipti er heimil á tímabilinu 1. Júní til 1.febrúar ár hvert

Félagi er heimilt fyrir 1.mars ár hvert að stytta tímabundin félagaskipti leikmanna sinna einhliða, svo framarlega sem lágmarkstíma sé náð. Nýti samningsfélag sér þessa heimild skal það gert með tilkynningu um félagaskipti. Leikmaður fær keppnisleyfi með samningsfélagi sínu að nýju 4 dögum eftir að tilkynningin er sannarlega móttækin af HSÍ.

Lágmarkstími tímabundinna félagaskipta er 1 mánuður og hámarkstími tímabundinna félagaskipta skal vera eitt keppnistímabil.

Greinargerð:

Stjórn HSÍ leggur fram breytingu á lögum er varðar félagaskipti eftir ákvörðun formannafundar.

Tillögunni er vísað til Allsherjar- og laganefndar.

Engar aðrar tillögur eða mál hafa borist stjórn til umfjöllunar.

15. Ákveðið þátttökugjöld á Íslands – og bikarmótum næsta ár.

Stjórn HSÍ hefur lagt fram tillögu að greinargerð um þátttökugjöld og greiðslu til dómara og eftirlitsmanna. Þingforseti leggur til að tillögunni sé vísað til Fjárhagsnefndar, enda sé umfjöllunarefnið alfarið á hennar könnu og haldist í hendur við umfjöllun um fjárhagsáætlun. Samþykkt er samhljóða að vísa tillögu til Fjárhagsnefndar.

Þátttökugjöld og greiðsla til dómara og eftirlitsmanna

Aðildarfélög HSÍ skulu vera búin að ganga frá uppgjöri á öllum gjöldum í öllum flokkum sem til falla vegna þátttöku þeirra á landsmótum HSÍ, Gjaldalagi skal vera 5.okt. ár hvert.

Hafi félag ekki greitt innan gjalddaga skulu allir leikir meistaraflokka þess ekki fara fram heldur teljast tapaðir.

Greiði félag vangoldna skuld skal því heimilt að halda áfram þátttöku. Mótanefnd HSÍ sér um að ákvæði þessu sé framfylgt.

Öll þóknun fyrir dæmda leiki greiðist af þátttökuliðum. Ferða- og uppihaldskostnaður dómara í Úrvalsdeild og 1. deild karla og kvenna í meistaraflokki sem HSÍ skipar og eftirlitsmanna greiðist af HSÍ.

Heimalið í hverjum leik skal gera upp við dómara og eftirlitsmann, samkvæmt gjaldskrá sem gefin er út af HSÍ.

Þátttökugjöld fyrir tímabilið 2015-2016

Úrvalsdeild	kr. 300.000,-	
1.deild	kr.50.000,-	
Utandeild	kr. 25.000	
Mfl. B-lið	kr. 25.000,-	
2. fl	kr. 15.000,-	Greitt fyrir fyrstu 2 liðin. Önnur greiða ekkert
3.fl	kr. 15.000,-	Greitt fyrir fyrstu 2 liðin. Önnur greiða ekkert
4.fl	kr. 15.000,-	Greitt fyrir fyrstu 2 liðin. Önnur greiða ekkert
Bikar keppni m.fl	kr. 10.000,-	Per lið per umferð fram að 4 liða úrslitum
Bikarkeppni m.fl	kr. 25.000,-	Per lið per umferð frá og með 4 liða úrslitum
Jöfnunarsjóður m.fl	kr. 50.000,-	
Úrslitagjald yngri flokka.	kr. 5.000,-	
Leikskýrslugerð	kr. 1.000,-	per leik

Þinghlé.

Þorbjörg Gunnarsdóttir stígur í pontu fyrir hönd kjörbréfanefndar og greinir frá fjölgun þingfulltrúa; fulltrúar félaga eru 49 og fulltrúar héraðssamband 3, samtals 52 atkvæði.

16. Álit þingnefnda um tillögur og atkvæðagreiðsla um þær

Ásta Óskarsdóttir gerði grein fyrir álitum Fjárhagsnefndar um þær tillögur sem fyrir henni lágu. Hún gat þess að Jóhannes Jónsson hefði komið að nefndarstörfum ásamt kjörnum nefndarmönnum. Nefndin fór fyrir fjárhagsáætlun lið fyrir lið og leggur til að hún verði samþykkt óbreytt.

Þingforseti opnaði mælendaskrá, enginn óskaði eftir að taka til máls varðandi fjárhagsáætlun eða tillögu Fjárhagsnefndar. Fjárhagsáætlun var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Davíð B. Gíslason gerði grein fyrir álitum Allsherjar- og laganefndar varðandi þær tvær tillögur sem fyrir henni lágu. Í þingskjal 4 var tillaga FH um fækkun leikja. Gerð er ítarleg grein fyrir rökum FH-inga í greinargerð þeirra, en Allsherjar- og laganefnd leggur til að tillögunni verði hafnað. Umræðunni sem skapaðist við nefndarstörf er þó fagnað og hvatt er til þess að henni verði fram haldið, enda þurfi að huga vel að álaginu sem á það til að hvíla á yngri leikmönnum. Davíð nefndi

nokkra punkta til stuðnings niðurstöðu Allsherjar- og laganeftndar. Ef deildarkeppnin hér á landi er borin saman við erlendar deildarkeppnir, ekki síst þjóða sem ná árangri á alþjóðlegum vettvangi, kemur í ljós að álagið sem fylgir 27 deildarleikjum er ekki ýkja mikið. Rætt var innan nefndarinnar að þótt verið væri að bera saman íslensku deildina og atvinnumannadeildir væri staðan einfaldlega sú að við viljum ala upp afreksfólk í íþróttinni, fólk sem nær langt. Liður í því er að þetta afreksfólk spili nógu marga og góða leiki í sinni deild og það tónar því ekki við afreksstefnu HSÍ að fækka leikjum. Álag á leikmönnum 2.flokks var rætt sérstaklega innan nefndarinnar og hvatti Davíð félögin til að stýra þessu álagi með markmiðssetningu og reglum. Þegar ungir leikmenn eru farnir að spila stór hlutverk í meistaraflokkum er greinilega um sterka og efnilega leikmenn að ræða og álaginu verður þá frekar að stýra með því að fækka leikjunum sem þeir taka þátt í í yngri flokkum. Þetta er snúið, á marga mismunandi vegu, getur haft áhrif á leikmennina sjálfa og aðstandendur og ekki síður þjálfara yngri flokka sem vilja ná árangri, en engu að síður þarf að hugsa þarna um heildarhagsmunum. Þá komu til umræðu þættir eins og fjölmiðlar, kostnaður og auglýsendur og ljóst að fækkun leikja myndi hafa áhrif á tekjustreymi til félaganna. Fleiri leikir hafa vissulega í för með sér meiri kostnað, en einnig talsvert meiri tekjumöguleika. Davíð gat þess að rætt hefði verið, þótt það félli frekar undir Mótanefnd í samráði við félögin heldur en Allsherjar- og laganeftnd, að dreifa leikjum á annan hátt, að færa mótið örlítið framan. Með því móti mætti minnka upp að vissu marki álagið á vorin. Slík tilfærsla felur ekki í sér breytingu á reglum eða lögum, en væri skoðunarverð.

Þingforseti gaf orðið laust, en enginn kvað sér hljóðs.

Álit aganeftndar um að vísa tillögunni frá var samþykkt samhljóða.

Davíð B. Gíslason tók til umfjöllunar álit Allsherjar- og laganeftndar um þingskjal 5, tillögu stjórnar HSÍ um breytingu á tímabundnum félagaskiptum. Tillagan kom til út frá umræðu á formannafundi um þröngan stakk sem sniðinn er varðandi tímabundin félagaskipti, að núverandi reglur væru það strangar að þær gerðu það að verkum að leikmenn festust hjá félögum sem þeir hefði verið lánaðir til. Þetta yrði til þess að félög væru síður tilbúin til að lána leikmenn sín á milli. Um þetta sköpuðust góðar umræður innan nefndarinnar, enda væri stöðugt verið að leita að besta fyrirkomulaginu til að koma því þannig fyrir að þeir aðilar sem vilja spila handbolta fái tækifæri til þess. Ef þeir eru í félagi þar sem þeir komast ekki að er mikilvægt að þeir komist til félags þar sem þeir fá að spreyta sig. Hins vegar má ekki líta framhjá því að móðurfélagið, sem hugsanlega hefur ekki mikil not fyrir leikmanninn á ákveðnum tímamarki, gæti þurft á honum að halda vegna t.d. meiðsla og þyrfti þá að geta kallað hann fljótt og örugglega tilbaka. Tillagan sem lögð var fram, tillaga nr.5, gengur út á það að opnað verði fyrir tímabundin félagaskipti allt frá upphafi leiktíðar, 1.júní, til 1.febrúar á næsta ári. Efnislega þýðir þetta að opnað verður fyrir félagaskiptagluggann í nóvember og desember, en hann hefur verið lokaður fram til þessa. Þetta er önnur breytingin og hin snýr að því að stytta tímamark sem það tekur að kalla leikmann tilbaka til móðurfélags. Reglan er að það tekur sjö daga en lagt er til að þetta ferli taki fjóra daga.

Allsherjar- og laganeftnd leggur til að tillaga samkvæmt þingskjali 5 verði samþykkt. Davíð gat þess að við umfjöllun Allsherjar- og laganeftndar hafi komið fram breytingartillaga, en hún var dregin tilbaka eftir að nefndin hafði lokið störfum. Tillagan gekk út á það að sett yrði upp regluverk varðandi samskipti vensla- og fósturfélaga. Venslafélög mynda sterkt samband sín á milli, ekki síst til að auðvelda félagaskipti sín á milli. Þessi sama umræða kom upp á formannafundi, þ.e.a.s. hvort hægt væri að koma því þannig fyrir að félög gætu myndað samband sín á milli til að auðvelda

félagaskipti. Markmiðið er gott og gilt, en hins vegar kallar þetta á breytingar lögum og regluverki svo að ekki komi upp sú staða að leikmaður sé lánaður á milli félaga til að spila einn leik. Niðurstaðan var sú, og þar er komin ástæða þess að þessi breytingartillaga var dregin tilbaka, að setjast þyrfti betur yfir þessar vangaveltur. Hugmyndin er hins vegar góðra gjalda verð og skorar Allsherjar- og laganefnd á stjórn HSÍ að skoða möguleikann á myndun venslafélaga. Hugmyndir að laga- og reglubreytingu þar að lútandi væri þá hægt að leggja fram á næsta ársþingi. Það er niðurstaða Allsherjar- og laganefndar að tillaga samkvæmt þingskjali 5 sé til bóta fyrir félögin og skref í rétta átt. Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust, en enginn kvað sér hljóðs.

Þingskjal númer 5 var samþykkt samhljóða.

17. Ákveða þátttökugjald í Íslands- og bikarmótum næsta keppnistímabils

Fjárhagsnefnd fjallaði um tillögu að þátttökugjaldi og leggur til að hún verði samþykkt. Í fjárhagsáætlun er miðað við þau þátttökugjöld sem fram koma í tillögunni.

Þingforseti gaf orðið laust, en enginn kvaddi sér hljóðs.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

18. Önnur mál

Forseti gaf orðið laust.

Ómar Stefánsson kvaddi sér hljóðs. Hann kvaðst nú snúa aftur að störfum í kringum handboltann eftir tuttugu ára fjarveru. Tvennt vildi hann nefna. Honum finnst fátt hafa breyst á tuttugu árum. Hann sagðist í dag þjálfar fimm flokk karla eldri, taka þátt í nokkrum mótum yfir veturinn og verða var við stöðuga árekstra; að það kæmi enn upp að þjálfari gæti ekki fylgt sínum liðum í öllum leikjum á Íslandsmóti. Ómar sagði lið sitt leika sextán leiki á Íslandsmóti, en það gerðist í þremur eða fjórum tilvikum að leikjauppröðun kæmi í veg fyrir að þjálfari gæti fylgt sínu liði. Það kom honum í opna skjöldu að ekki hefðu orðið breytingar á þessu með árunum. Ómar sagði son sinn leika knattspyrnu með unglingaliði Breiðabliks og vera brendann af því að þjálfarinn mætti ekki á alla leiki. Slíkt væri áhugaletjandi. Þetta sagði hann handboltahreyfinguna þurfa að passa, að gæðin innan greinarinnar væru góð. Þá ræddi Ómar fjölmiðla. Hann sagðist verða var við aukinn áhuga hjá félögunum sjálfum að sýna frá leikjum sínum í beinni útsendingu, t.d. á Netinu. Þessar útsendingar færu hins vegar oftast en ekki fyrir ofan garð og neðan vegna daprar markaðssetningar. Ómar lagði það til að stutt yrði betur við bakið á félögunum og minni fjölmiðlum, að hreyfingin sjálf hampaði handboltanum. Þá taldi hann markaðssetningu RÚV á útsendingum frá handbolta ábótavant og sagði hana engan veginn standast samanburð við markaðssetningu samkeppnisaðila, sem þó vissulega væri áskriftarsjónvarp. Ómar taldi hreyfinguna þurfa að vera aðgangsharðari við fjölmiðla. Hann tók dæmi af eigin ferli; að hann hefði fyrir margt löngu skrifað um fótboltaleik fyrir Þjóðviljann og orðalag í umfjölluninni orðið til þess að fjöldi fólks hringdi í blaðið til að koma á framfæri athugasemdum. Hann sagði handboltafólk þurfa að vera vakandi og láta í sér heyra þegar umfjöllun fjölmiðla er ábótavant. Þá sagðist Ómar styðja hugmyndir um lengingu keppnistímabilsins í handboltanum og hafa skorað á einn þingfulltrúanna að leggja slíka tillögu fram. Að lokum hrósaði Ómar þingfulltrúum og þeim sem koma að handboltastarfinu, sagði sjálfbóðaliðana sjaldnast fá þakkir fyrir vel unnin störf. Hann sagði leikmenn og aðstandendur oftast en ekki ausa skömmum yfir forráðamenn félaga og

að stundum hefði hann velt því fyrir sér hvort ekki væri nær fyrir félögin að ráða til sín reynda og góða stjórnarmenn heldur en leikmenn frá viðkomandi félögum, slíkt myndi hugsanlega skila sér í betri tengslum og meiri tekjum.

Þingforseti tók undir orð Ómars varðandi fjölmiðla og hvatti þingfulltrúa til að vera vakandi yfir fjölmiðlaumfjöllun og koma handboltanum sem víðast á framfæri. Hann nefndi að á nýafstöðnu íþróttapingi ÍSÍ hefðu rúmlega 20 samþykktar ályktanir hvergi ratað í fjölmiðla. Eina fjölmiðlaumfjöllunin hefði snúið að innlimum tveggja nýrra félaga í Heiðurshöll ÍSÍ.

Þingforseti sagðist líta svo á að ekki þyrfti að bera upp áskorun frá Allsherjar- og laganefnd til stjórnar HSÍ varðandi venslafélög sérstaklega, meirihluti þingfulltrúa hefði setið nefndarfund og tekið þátt í umræðunum auk þess sem búið var að reifa hugmyndina úr ræðustóli.

Fleiri kváðu sér ekki hljóðs undir þessum dagskrárlið.

19. Kosning stjórnar

Tillaga um formann HSÍ fyrir næsta starfsár er Guðmundur B. Ólafsson.

Guðmundur B. Ólafsson er réttkjörinn formaður HSÍ næsta starfsár með lófaklappi.

Kosnir voru eftirfarandi einstaklingar til stjórnar HSÍ til tveggja ára:

- Davíð B. Gíslason
- Vígfús Þorsteinsson
- Hjalti Þór Hreinsson
- Hjördís Guðmundsdóttir

Teljast þau réttkjörin til stjórnar HSÍ næstu tvö árin

Fyrir eru í stjórn til tveggja ára kosnir á ársþingi 2014:

- Einar Einarsson
- Gunnar Erlingsson
- Guðjón L. Sigurðsson
- Ragnheiður Traustadóttir

Kosning varamanna til eins árs:

- Hannes Karlsson
- Þorgeir Haraldsson
- Gunnar Gíslason

Ofangreindir aðilar eru réttkjörnir varamenn í stjórnar til eins árs með lófaklappi.

20. Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara

Tilnefndir voru eftirtaldir:

- Guðmundur Frímannsson
- Jón Gestur Viggósson

Til vara voru eftirfarandi tilnefndir:

- Aron Traustason
- Halldór Arnarsson

Engar athugasemdir bárust og teljast skoðunarmenn og varamenn réttkjörnir.

21. Kosning dómstóls HSÍ, þrír aðaldómarar og þrír til vara, allir löglærðir

Tilnefndir voru eftirtaldir:

- Hulda Rós Rúriksdóttir
- Smári Hilmarsson
- Vala Valtýsdóttir

Tilnefndir voru eftirfarandi varamenn:

- Ágúst Sindri Karlsson
- Bergþóra Sigmundsdóttir
- Guðmundur Þór Jónsson

Engar athugasemdir eða aðrar tilnefningar bárust, svo tilnefndir þrír aðilar í dómstól HSÍ og þrír til vara teljast réttkjörnir.

22. Kosning í áfrýjunardómstól HSÍ, þrír aðaldómarar og þrír til vara, allir löglærðir

Tilnefndir voru eftirtaldir:

- Gunnar Jónsson
- Jóhannes Albert Sævarsson
- Þorsteinn Einarsson

Kosning varamanna til eins árs.

- Benedikt Bogason
- Guðjón Marteinsson
- Þorsteinn Einarsson

Engar athugasemdir eða aðrar tilnefningar bárust, svo tilnefndir þrír aðaldómarar í áfrýjunardómstól HSÍ og þrír varadómarar teljast réttkjörnir.

23. Kosning fulltrúa á Íþróttaping ÍSÍ

Íþróttaping ÍSÍ er nýafstaðið, verður haldið næst eftir tvö ár og þ.a.l. þarf ekki að kjósa fulltrúa á íþróttaping í ár.

Kosning í heiðursmerkjanefnd, tillaga um Kjartan Steinbeck.

Engin önnur tillaga kom fram og er hann því einn þriggja í heiðursmerkjanefnd.

24. Þingslit:

Þingforseti þakkar, fyrir hönd starfsmanna þingsins, þingfulltrúum gott þing og málefnalegar umræður. Sérstaklega þakkaði hann góð nefndarstörf og gat þess að hann hefði alltaf verið þeirrar skoðunar að betra væri að ræða mál innan nefndar og komast þar að niðurstöðu, frekar en að eiga óútkljáð mál við hin eiginlegu þingstörf.

Guðmundur B. Ólafsson þakkaði þingfulltrúum gott þing og störf í nefndum. Hann afhenti fráfarandi stjórnarmönnum, Ástu Óskarsdóttur og Þorgeiri Jónssyni, blómvönd sem þakklætisvott fyrir vel unnin störf í þágu handboltans á Íslandi. Hann sagðist að lokum taka áskorun varaformanns um að taka upp venslamál til umfjöllunar innan stjórnar. Þingi slitið.